

Grunnlýsing

vegna peningamarkaðsvíxla
útgefnum af

BS sjóði

fagfjárfestastjóður í rekstri
Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

samkvæmt útboðsáætlun
að fjárhæð allt að 15.000.000.000 kr.

September 2008

Efnisyfirlit

1.	ÁHÆTTUÞÆTTIR	3
1.1.	ALMENNT	3
1.2.	SKULDSETNING BS	3
1.3.	VANSKILAÁHETTA	3
1.4.	ÚTLÁNAÁHETTA	4
1.5.	ÁBYRGÐ Á GREIÐSLU SKULDBINDINGA SJÓÐSINS	4
1.6.	UPPGREIÐSLUÁHETTA	5
1.7.	MARKADSÁHETTA	5
1.8.	REKSTRARÁHETTA	6
1.9.	ÁHÆTTUÞÆTTIR SEM VARÐA ÁBYRGÐARMANN	6
2.	YFIRLÝSINGAR	10
2.1.	YFIRLÝSING ÚTGEFANDA	10
2.2.	YFIRLÝSING ÁBYRGÐARMANNS	10
2.3.	YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA	10
3.	TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	11
4.	UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA	12
4.1.	ALMENNT	12
4.2.	LÝSING Á VÍXLUNUM	14
4.3.	ENDANLEGIR SKILMÁLAR.....	17
4.4.	FYRIRHUGUÐ TAKA VÍXLA TIL VIÐSKIPTA Í OMX NORDIC EXCHANGE ICELAND HF.	20
5.	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA	21
5.1.	ÚTGEFANDI.....	21
5.2.	FJÁRFESTINGARSTEFNA OG HELSTU EIGNIR ÚTGEFANDA.....	22
5.3.	FJÁRHAGSSTAÐA OG REKSTRARAFKOMA	24
5.4.	MAT Á EIGNUM SJÓÐSINS	24
5.5.	REKSTUR OG VARSLA SJÓÐSINS.....	24
5.6.	SAMNINGUR UM SÖLU VÍXLA SJÓÐSINS	25
5.7.	FJÁRMÖGNUN OG VIÐSKIPTI.....	25
5.8.	ENDURSKOÐANDI	25
5.9.	REKSTRARFÉLAGIÐ	25
5.10.	DÓMSMÁL OG GERÐARDÓMSMÁL	29
5.11.	MIKILVÆGAR BREYTINGAR Á FJÁRHAGS- EÐA VIÐSKIPTASTÖÐU SJÓÐSINS	29
5.12.	VÖRSLUFYRIRTÆKI.....	29
5.13.	UPPLÝSINGASKYLDA.....	30
5.14.	SAMBYKKI VÍXLAÚTGÁFU	30
5.15.	STOFNUN OG SLIT BS.....	30
5.16.	ÓVENJULEG VIÐSKIPTI OG LÁNAFYRIRGREIÐSLA.....	30
5.17.	PENINGAÞVÆTTI	30
6.	UPPLÝSINGAR UM ÁBYRGÐARMANN	31
6.1.	SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN	31
6.2.	UPPLÝSINGAR UM ÁBYRGÐARMANN	31
6.3.	ENDURSKOÐENDUR	32
6.4.	STARFSEMI OG SKIPULAG	32
6.5.	STJÓRNARHÆTTIR, STJÓRN OG HELSTU STJÓRNENDUR	34
6.6.	STOFNFJÁREIGENDUR	39
6.7.	FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR	39
7.	FYLGISKJÖL	41
7.1.	STOFNEFNAHAGSREIKNINGUR SJÓÐSINS 30. JÚNÍ 2008	41
7.2.	REGLUR BS SJÓÐS	46

1. Áhættuþættir

1.1. Almenn

Fjárfesting í vixlum útgefnum af BS sjóði (hér eftir nefndur „BS“ eða „sjóðurinn“) felur í sér áhættu. Gengi vixlanna getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfestar skulu hafa í huga að þeir geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í vixlum útgefnum af BS eða eftir atvikum hluta hennar.

Í köflum 1.1-1.8 eru upplýsingar um þá áhættuþætti sem geta haft áhrif á getu BS, sem útgefanda, til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við vixlana. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér þessa kafla vel. Fjárfestar eru jafnframt hvattir til að kynna sér vel fjárfestingarstefnu og upplýsingar um eignasafn BS í kafla 5.2 áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í vixlum sjóðsins.

Takmarkanir á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem fram koma í lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði gilda ekki um fagfjárfestasjóði.

Greiðsluþrotsáhætta sjóðsins er háð greiðsluflæði af fjármálagerningum sem BS fjárfestir í og að mótaðilar réttinda utan efnahagsreiknings standi við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

Ávöxtun í fortíð er ekki endilega vísbending um hver ávöxtun verður í framtíðinni og mismunandi sjóðir eru í eðli sínu með mismunandi grunnáhættu.

1.2. Skuldsetning BS

BS er fagfjárfestasjóður skv. 4. gr. laga nr. 30/2003. Samkvæmt grein 10.1 í reglum sjóðsins er honum heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar allt að 99% með lántöku í bönkum og sparisjóðum og með útgáfu og sölu á skuldabréfum, vixlum eða öðrum skuldaviðurkenningum. Samkvæmt grein 4.1 í reglum sjóðsins fjárfestir sjóðurinn í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði. Sjóðurinn hefur ekki eiginlegan rekstur með höndum.

Sjóðurinn hefur gefið út vixla sem sótt hefur verið um að teknir verði til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. á grundvelli þessarar grunnlýsingar og fjárfest fyrir söluandvirðið í samræmi við grein 4.1 í reglum sjóðsins. Eignir, skuldir og þar með eiginfjárhlutfall sjóðsins er því breytilegt, allt eftir því hversu mikið sjóðurinn hefur gefið út af vixlum og öðrum skuldaviðurkenningum á hverjum tíma.

BS hefur fjárfest í veðskuldabréfum sem er lýst í kafla 5.2. Verðmæti eigna sjóðsins er metið í samræmi við reglur sjóðsins, sbr. grein 9. Þann 15. september 2008 voru eignir sjóðsins metnar á 978 millj. kr. og eiginfjárhlutfall 39,8% miðað við bókfærða stöðu skuldaviðurkenninga sjóðsins upp á 589 millj. kr.

1.3. Vanskilaáhætta

Vanskil mótaðila sjóðsins geta leitt til þess að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum vixla útgefnum af sjóðnum. Jafnframt geta vanskil haft talsverð neikvæð áhrif á rekstrarafkomu sjóðsins. Um vanskil mótaðila er að ræða ef þeir standa ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt fjármálagerningi, sem sjóðurinn hefur gert við þá, eða samkvæmt annars konar samningi milli aðila. Ef sjóðurinn stendur

ekki við greiðslu víxlanna, eða hluta þeirra, er hægt að beina kröfu um greiðslu víxlanna að Byr sparisjóði, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, sem ábyrgðarmanni víxlanna.

1.4. Útlánaáhætta

Eiginfjárlutfall BS þann 15. september 2008 var 39,8% m.v. stöðu á eignum og skuldum sjóðsins. Áhætta er nokkur vegna hugsanlegra afskrifta á eignum sjóðsins. Fjárfestar eru því hvattir til þess að kynna sér vel kafla 5.2 um fjárfestingarstefnu og helstu eignir sjóðsins og leggja sjálfstætt mat á þá áhættu sem felst í því að fjárfesta í víxlum útgefnum af BS.

Fyrir utan Arion verðbréfavörslu hf., sem varslar eignir sjóðsins, og Byr sparisjóð, sem er viðskiptabanki sjóðsins, eru mótaðilar sjóðsins annars vegar 91 einstaklingar (m.v. 15. september 2008), sem eru útgefendur þeirra veðskuldabréfa sem sjóðurinn hefur keypt í samræmi við fjárfestingarheimildir sjóðsins (en þeir hafa allir veðsett íbúðarhúsnæði til tryggingar skuldbindingum sínum vegna veðskuldabréfanna), og hins vegar Byr sparisjóður þar sem BS hefur tryggt sér sölurétt á framangreindum veðskuldabréfum til Byrs sparisjóðs á uppreiknuðu verði þeirra eða tilteknu lágmarksverði, hvort heldur sem hærra reynist, sbr. nánar í kafla 5.2. Er þessum réttindum BS sjóðs ætlað að mæta greiðsluskyldu vegna víxla sem BS gefur út. Endurgreiðsla víxla sem BS gefur út er af þeim sökum háð því skilyrði að mótaðilar sjóðsins standi við sínar skuldbindingar við sjóðinn.

1.5. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins

Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins felst í þeim eignum og réttindum sem sjóðurinn á hverju sinni. Hvorki rekstrarfélag né vörslufyrirtæki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Kröfuhafar skuldbindinga sjóðsins geta eingöngu beint kröfum sínum gegn sjóðnum sjálfum og eignum sem tilheyra honum. Sjóðurinn er aðeins ábyrgur fyrir eignum skuldum en ekki skuldum rekstrarfélagsins.

Jafnframt er Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, ábyrgðarmaður víxlanna, sbr. nánar kafla 6, og ábyrgist því greiðslu allrar víxilfjárhæðarinnar við vanskil sjóðsins.

Í samræmi við 13. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði er fjárhag sjóðsins haldið aðgreindum frá fjárhag rekstrarfélagsins og er sjóðurinn einn ábyrgur fyrir skuldbindingum sínum, sbr. jafnframt grein 1.3 í reglum sjóðsins. Af þeim sökum hefur fjárhagsleg staða rekstrarfélags, vörslufyrirtækis eða viðskiptabanka sjóðsins ekki áhrif á hvort að BS geti staðið við skuldbindingar sínar.

Í greinum 3.1-3.5 í reglum sjóðsins, en þær eru að finna í kafla 7.2, eru eftirfarandi ákvæði um ábyrgð sjóðsins á skuldbindingum sínum:

- „3.1 Sjóðurinn er rekinn í einni deild. Fjárfestingar sjóðsins fjármagnar hann með útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaviðurkenninga (s.s. skuldabréfum, víxlum, lánasamningum og öðrum skuldaviðurkenningum), sbr. 10. gr.
- 3.2 Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni.
- 3.3 Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki eða viðskiptabanki sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

- 3.4 Kröfuhafar skuldabréfa, víxla, hlutdeildarskírteina eða hvaða annarra skuldbindinga sjóðsins geta eingöngu beint kröfum sínum gegn sjóðnum sjálfum og eignum sem tilheyra honum. Sjóðurinn er aðeins ábyrgur fyrir eigin skuldum en ekki skuldum rekstrarfélagsins.
- 3.5 Eignir og skuldbindingar sjóðsins skulu á hverjum tíma aðgreindar í reikningum rekstrarfélagsins frá eignum og skuldbindingum rekstrarfélagsins og annarra sjóða rekstrarfélagsins.“

1.6. Uppgreiðsluáhætta

Þann 15. september 2008 voru uppgreiðanlegar eignir 98,2% af eignum sjóðsins. Þeir víxlar sem BS hefur gefið út og þeir víxlar sem BS mun gefa út eru ekki uppgreiðanlegir fyrir gjalddaga þeirra.

1.7. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta: Fjárfesting í víxlum BS getur falið í sér vaxtaáhættu vegna þess að ef vextir hækka á þeim mörkuðum sem sjóðurinn hefur fjárfest í, getur markaðsvirði eigna sjóðsins lækkað. Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar getur það leitt til lækkunar á mati fjárfesta á verðmæti víxla útgefnum af BS og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar getur það valdið því að fjárfestar hækka mat sitt á verðmæti víxla BS. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á víxlum útgefnum af BS eru breytingar á framboði og eftirspurn þeirra, enda verður engin viðskiptavakt með víxlana.

Seljanleikaáhætta eða lausafjáráhætta: Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja víxlana þegar fjárfestar vilja selja. Áhættan felst í skorti á framboði eða eftirspurn á markaðnum, þ.e. aðilar á markaði eru hvorki tilbúnir til að kaupa né selja það magn víxla, né á því verði sem til stendur að selja eða kaupa, t.d. ef kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.

Greiðsluáhætta: Sú áhætta er til staðar að útgefendur verðbréfa í eigu BS greiði ekki skuldbindingar sínar á gjalddaga eða að aðrir mótaðilar sjóðsins, s.s. viðskiptabanki eða vörslufyrirtæki, standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum, en slíkt gæti rýrt möguleika hans til að greiða þá víxla sem hann hefur gefið út.

Uppgjörsáhætta: Sú áhætta er til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með sama hætti og vænst var til vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

Vörsluáhætta: Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vænrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörslufyrirtækis.

Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefanda verðbréfa: Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað umtalsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir. Þetta og sú staðreynd að engin viðskiptavakt verður með víxlana eftir að þeir hafa verið teknir til viðskipta getur leitt til þess að verðmyndun á markaði verður óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru margir og dreifðir. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda verðbréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hefur víðtækari áhrif en annars myndi verða.

Ytri aðstæður: Ýmis atvik, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand, geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja eða skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á verðmat fjárfesta á vixlum BS.

1.8. Rekstraráhætta

Þar sem enginn eiginlegur rekstur á sér stað í sjóðnum felst rekstraráhætta sjóðsins fyrst og fremst í því að fjárfest sé þannig að réttindi og skyldur sjóðsins fari saman. Sjóðurinn fjárfestir með því markmiði að eignir séu í fullu samræmi við skuldbindingar sjóðsins og lágmarkar þannig áhættu vegna misræmis eigna og skuldbindinga. Séu fjárfestingar ekki með þeim hætti getur það komið niður á greiðslugetu sjóðsins til að mæta skuldbindingum sínum.

1.9. Áhættuþættir sem varða ábyrgðarmann

Í þessum kafla eru upplýsingar um áhættuþætti sem geta haft áhrif á getu Byr sparisjóðs (hér eftir einnig nefndur „Byr“ eða „sparisjóðurinn“), sem ábyrgðarmanns, til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við vixlana. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér þennan kafla vel.

a. Rekstraráhætta

Rekstri fjármálafyrirtækja er settur rammi í lögum og reglugerðum. Fjármálafyrirtæki, þ.m.t. Byr sparisjóður, lúta eftirliti opinberra aðila, m.a. Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins. Rekstur fjármálafyrirtækis er áhættusamur að því leyti að oft eiga þau í viðskiptum með háar fjárhæðir sem geta, ef illa fer, bitnað harkalega á viðkomandi fjármálafyrirtæki. Þau geta þannig tapað fjármunum, orðið skaðabótaskyld og/eða misst starfsleyfi. Ýmislegt getur orðið til þess að hafa áhrif á rekstur og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækis, m.a. röng ráðgjöf, röng ákvarðanatataka, rangar greiningar, röng upplýsingagjöf, bilanir eða aðrir hnökror á tæknibúnaði og uppsagnir lykilstarfsmanna.

Byr sparisjóður hefur keypt tryggingar í þeim tilgangi að takmarka almenna rekstraráhættu, sbr. nánari umfjöllun í k-lið þessa kafla.

b. Útlánaáhætta

Þar sem meginstarfsemi Byrs sparisjóðs undanfarin ár hefur falist í móttöku innlána og veitingu útlána er útlánaáhætta einn stærsti einstaki áhættuþátturinn í rekstri hans. Til þess að lágmarka þessa áhættu kannar Byr sparisjóður greiðslugetu og tryggingar lántakenda reglulega. Er þetta gert í samræmi við starfsreglur sem sparisjóðurinn hefur sett sér. Þetta tryggir ekki endurgreiðslu fjármuna og því gerist það að einhverjir viðskiptamenn standa ekki við skuldbindingar sínar og greiða ekki á réttum tíma og í sumum tilvikum greiða þeir alls ekki og tapar sparisjóðurinn þá kröfu sinni á hendur þessum aðila, að hluta eða öllu leyti.

Eins og áður greinir er fjárhagsleg staða hvers viðskiptavinar skoðuð og tryggingar hans lagðar til grundvallar viðskiptum. Sérstaklega er fylgst með skuldbindingum stærstu lánþega sparisjóðsins og er þá mið tekið af stórum áhættuskuldbindingum eins og þær eru skilgreindar í reglugerð nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar.

Stjórn sparisjóðsins setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu sparisjóðsins. Stjórnin hefur einnig eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir að tillögu sparisjóðsstjóra.

Húsnæðislán er stór hluti af heildarútlánnum sparisjóðsins eða sem nemur 30,6% af heildarútlánnum m.v. 30. júní 2008. Byr sparisjóður hefur á undanförunum misserum í samstarfi við Íbúðalánasjóð boðið húsnæðislán til allt að 40 ára, sem geta numið allt að 75% af markaðsverði eignar. Þessi lán bera nú 8,10-8,40% vexti. Með þessu móti getur sparisjóðurinn veitt meiri og betri þjónustu en ella og um leið er áhættu af útlánnum deilt með öðrum aðila og takmarkar það þar af leiðandi vaxtaáhættu af langtímahúsnæðislánnum. Flest langtímahúsnæðislán til einstaklinga eru með endurskoðunarákvæði vaxta eftir fimm ár frá útgáfu. Áhætta Byr sparisjóðs er því minni en ætla mætti í fyrstu m.v. aukningu á útlánamarkaði húsnæðislána til einstaklinga undanfarin misseri.

c. *Markaðsáhætta*

Markaðsáhætta er einn af helstu áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækis, en markaðsáhætta er sú áhætta sem skapast vegna óvissu í flæði framtíðartekna eða gjalda sem afleiðing af vaxtabreytingum, gengisbreytingum eða verðbreytingum á markaði. Markaðsáhætta samanstendur m.a. af vaxtaáhættu, gjaldeyrisáhættu og verðáhættu.

Vaxtaáhætta er sú áhætta sem fylgir breytingum á tekjum og gjöldum ef vextir undirliggjandi fjármálaafurða breytast á ákveðnu tímabili. Vextir á hverjum tíma hafa umtalsverð áhrif á afkomu Byrs sparisjóðs þar sem tekjur af eignum og gjöld af skuldum eru í flestum tilvikum tengd vöxtum viðkomandi efnahagsliða og fylgja vextirnir gjarnan almennu vaxtastigi. Vaxtamunur getur á sama hátt orðið til þess að afkoma sparisjóðsins getur sveiflast nokkuð m.a. ef ójafnvægi er á milli vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtahækkarnir og lækkarnir geta á sama hátt myndað ójafnvægi og áhættu. Til að takmarka vaxtaáhættu er leitast við að hafa sem best jafnvægi á milli fastra og breytilegra vaxtakjara í eigna- og skuldasafni sparisjóðsins. Stefnt er að því að ná sem bestu jafnvægi milli binditíma vaxtaberandi eigna og skulda. Við mat á vaxtaáhættu skal bæði skoða langtíma- og skammtímavaxtanæmi sparisjóðsins gagnvart vaxtabreytingum. Verðtryggingaráhætta er hluti af vaxtaáhættu en misræmi milli verðtryggðra eigna og skulda eykur áhættu sparisjóðsins vegna verðlagsbreytinga.

Einn liður í lágmarkun vaxtaáhættu er að lágmarka fastvaxtaáhættu. Mælingar og eftirlit með fastvaxtaáhættu er unnið af áhættustýringu Byrs sparisjóðs. Stöðu mála eru gerð skil gagnvart eftirlitsaðilum með skýrslugjöf í lok hvers ársfjórðungs. Langtíma-skuldabréf í eigu Byrs sparisjóðs eru að miklum meirihluta með endurskoðunarákvæði vaxtafótar á 3-5 ára fresti. Er það til samræmis við þá innlendu fjármögnun, á borð við verðtryggð innlán og verðtryggð skuldabréfaútgáfu, hjá Byr sparisjóði. Fastvaxtaáhætta hjá Byr sparisjóði hefur ávallt verið innan þeirra marka sem sett eru af eftirlitsaðilum og hefur staðist álagspróf í þeim efnunum.

Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta sem til staðar er vegna mögulegra sveiflna á gengi gjaldmiðla. Byr sparisjóður á viðskipti við erlenda aðila auk þess að eiga viðskipti við innlenda aðila þar sem viðskiptin eru í erlendri mynt. Vegna þessa er sparisjóðurinn háður gengisskráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og hefur gengi krónunnar því bein áhrif á rekstur sparisjóðsins og einnig á afkomuna ef ekki er jafnvægi milli gengisbundinna eigna og skulda. Seðlabanki Íslands setur reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og er gjaldeyrisjöfnuður sparisjóðsins á hverjum tíma innan þessara marka.

Verðáhætta verðbréfa tengist gengi skráðra verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði. Hlutabréfaverð er sveiflukennt og helstu áhrifaþættir þess eru í raun framboð og eftirspurn á hverjum tíma. Þeir þættir breytast í takt við aðstæður í hagkerfinu ásamt því að fylgja breytingum á vaxtastigi hverju sinni. Ein leið til að minnka áhættu í hlutabréfasafni er að dreifa áhættunni með því að fjárfesta í mismunandi tegundum verðbréfa til að minnka sveiflur eignasafnsins. Byr sparisjóður stýrir áhættu af hlutabréfasafni sínu með vönduðu samvali og stöðugri vöktun á safninu. Áhættustýring vegna skuldabréfa er hliðstæð áhættustýringu vegna hlutabréfa, þ.e. með réttu samvali bréfa og stöðugri vöktun.

d. Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Tryggja þarf að Byr sparisjóður eigi ávallt nægilegt laust fé til þess að mæta jafnt fyrir séðum sem ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Til að mæta slíkum greiðsluskuldbindingum hefur sparisjóðurinn lánalínur ásamt því að eiga auðseljanleg verðbréf eins og ríkisskuldabréf og önnur skuldabréf.

Sparisjóðsstjórar móta stefnu í lausafjárstýringu, hafa eftirlit með lausafjárstöðu og eru ráðgefandi um eigna- og skuldasetningu bankans. Markmið er að lágmarka sveiflur í lausafjárstöðu og tryggja að bankinn hafi ávallt nægjanlegt aðgengi að fjármagni til að mæta ústreymi vegna skuldbindinga næsta mánaðar. Fjárstýring annast lausafjárstýringu bankans og metur áætlað greiðsluflæði fram í tímann í samvinnu við sparisjóðsstjóra. Lausafjárhlutfall Byr sparisjóðs var 2,953 þann 30. júní 2008 eins og það er reiknað með því að taka tillit til eigna og skulda í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands nr. 317/2006 um lausafjárhlutfall.

Eiginfjárhlutfall Byrs sparisjóðs hefur áhrif á möguleika hans til fjármögnunar. Ef eiginfjárhlutfall lækkar getur það haft neikvæð áhrif á fjármögnunarmöguleika sparisjóðsins. Eiginfjárhlutfall Byrs sparisjóðs er reiknað skv. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hinn 30. júní 2008 var eiginfjárhlutfall sparisjóðsins 23,5% og þar af var eiginfjárþáttur A 40,2%. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki má hlutfallið ekki vera lægra en 8%.

e. Samkeppnisáhætta

Samkeppni hefur aukist talsvert á fjármálamarkaði síðustu ár og útlit er fyrir að samkeppni eigi enn eftir að aukast mikið með tilkomu nýrra fjárfestingabanka og fjárfestingasjóða. Í dag eru helstu keppinautar Byrs sparisjóðs stóru viðskiptabankarnir þrír, þ.e. Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf., og aðrir sparisjóðir.

f. Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Starfsemi sparisjóðsins og árangur í rekstri hans byggist að stórum hluta á þekkingu starfsmanna hans og stjórnenda og er því veruleg áhætta fólgin í því ef lykilstarfsmenn hverfa úr starfi til annarra fyrirtækja.

Til að draga úr starfsmannaáhættu viðheldur Byr sparisjóður starfsmannastefnu sem er sniðin að því að halda ávallt hæfasta fólki í starfi.

g. Lagaleg áhætta

Fjármálamarkaðurinn er háður lögum og reglum opinberra aðila auk þess sem hafa verður í huga að ýmsar sérreglur gilda um starfsemi sparisjóða. Allar breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði geta þannig haft áhrif á rekstur sparisjóðsins. Byr sparisjóður hefur starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Nýjar lagasetningar og túlkanir framkvæmda- og eftirlitsaðila á gildandi lögum og reglum sem í gildi eru um fjármálastarfsemi kunna að hafa áhrif á rekstur sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum á markaðnum og leiðbeinandi tilmæli, ákvarðanir og túlkanir stofnunarinnar geta haft áhrif á rekstur sparisjóðsins.

h. Dómsmál og gerðadómsmál

Byr sparisjóður á ekki í öðrum málaferlum en þeim sem tengjast hefðbundinni innheimtu þar sem sparisjóðurinn er kröfuhafi.

i. Upplýsingaáhætta

Traustur rekstur fjármálafyrirtækis byggist á góðum upplýsingakerfum. Áhætta í rekstri þeirra getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum í kerfum, rangri notkun þeirra, aðgangsheimildum og öryggismálum. Dregið er úr upplýsingaáhöttu með skipulögðum kerfisprófunum og óháðum afritatökum auk þess sem starfrækt er varakerfi. Starfsemi Byrs sparisjóðs er talsvert háð upplýsingakerfum þriðja aðila, einkum Teris, og Reiknistofu bankanna. Komi til þess að kerfin bili, eitt eða fleiri, getur slíkt leitt til verulegs tjóns fyrir sparisjóðinn.

j. Áhættumat og áhættustýring

Áhættureglur og ferlar Byrs sparisjóðs tryggja að áhætta í rekstri hans er bæði þekkt og mæld og að eftirlit er haft með áhættunni. Áhættunni er stýrt á þann hátt að hún sé innan þeirra marka sem sparisjóðurinn hefur sett sér og samræmist kröfum eftirlitsaðila á fjármálamarkaði. Sparisjóðurinn setur sér stefnu um áhættusamsetningu þannig að sveiflur vegna óvæntra atburða sem hafa áhrif á bæði eigið fé sparisjóðsins og afkomu séu bæði takmarkaðar og viðráðanlegar.

Sparisjóðsstjórn ber ábyrgð á stefnumótun sparisjóðsins varðandi áhöttu og sér til þess að hún falli að stefnu sparisjóðsins, reynslu stjórnenda, eiginfjárlutfalli og áhættusækni sparisjóðsins. Sparisjóðsstjórnar bera ábyrgð á daglegri stjórnun gagnvart stjórn og stýra áhöttu sparisjóðsins í gegnum skipulag hans. Auk þess bera forstöðumenn ábyrgð á starfsemi hvers sviðs gagnvart sparisjóðsstjórn og að áhöttan sé í samræmi við starfsreglur sparisjóðsins.

k. Tryggingar og ábyrgðir

Mikilvægt er að sparisjóðurinn sé eins vel tryggður gegn mögulegum áföllum og hægt er og er því nauðsynlegt að huga vel að váttryggingum og váttryggingaskilmálum. Byr sparisjóður er með eftirfarandi tryggingar:

- Atvinnurekstrartrygging en undir hana falla ökutækjatrigging, slysatrygging launþega, húseigendatrigging, brunatrigging, vatns og innbrotstrygging fyrir lausafé og húseignir, og skaðatrigging á lausafé.

Þá eru sparisjóðirnir í landinu með sameiginlegar tryggingar í eftirfarandi tilvikum:

- „Bankers Comprehensive Crime and Professional Indemnity“ sem nær til misferla starfsmanna, tjóns vegna sviksamlegs athæfis starfsmanna varðandi tölvuvinnslu og ábyrgð vegna skaðabóta sem sparisjóðurinn þarf að greiða vegna þess að hann rækti ekki skyldur sem hann hafði tekið á sig gagnvart viðskiptaaðila sínum.
- „Directors and Officers Liability“ sem nær yfir skaðabætur sem yfirmönnum sparisjóðsins er gert að greiða vegna vanrækslu stjórnar á eftirlitsskyldum sínum.

2. Yfirlýsingar

2.1. Yfirlýsing útgefanda

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sem fer með æðsta vald í málefnum útgefanda, BS sjóðs, samkvæmt því sem lög og reglur sjóðsins ákveða, lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar séu upplýsingarnar, sem þessi grunnlýsing hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 16. september 2008

F.h. BS sjóðs

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður
kt. 260667-5059, Sólbraut 10, Seltjarnarnesi

Birgir Örn Arnarson, meðstjórnandi
Kt. 010371-5549, Bergsmára 9, Kópavogi

Sigurður Guðmundsson, meðstjórnandi
kt. 050977-3749, Sundlaugavegi 37, Reykjavík

2.2. Yfirlýsing ábyrgðarmanns

Ábyrgðarmaður, Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund hans eru upplýsingar, sem kaflar 1.9 og 6 þessarar grunnlýsingar hafa að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika framangreindra kafla.

Reykjavík, 16. september 2008

F.h. Byr sparisjóðs

Magnús Ægir Magnússon, sparisjóðsstjóri
kt. 211256-7889, Staðarhvammi 9, Hafnarfirði

Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri
kt. 300470-3279, Lækjarbergi 19, Hafnarfirði

2.3. Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili töku víxla BS sjóðs til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Umsjónaraðili hefur ekki sjálfstætt skoðað þær upplýsingar sem fram koma í grunnlýsingu þessari. Af þeim sökum ábyrgist umsjónaraðili ekki þær upplýsingar sem fram koma eða er vísað til í grunnlýsingu þessari, hvorki varðandi nákvæmni þeirra né að þær teljist tæmandi. Umsjónaraðili ábyrgist ekki þær staðreyndir sem birtar eru í grunnlýsingu þessari eða vísað er til í henni eða aðrar upplýsingar sem stafa frá útgefanda eða ábyrgðarmanni í tengslum við útgáfu á víxlum þessum.

Reykjavík, 16. september 2008

F.h. Kaupþings banka hf.

Helgi Sigurðsson hrl.
framkvæmdastjóri lögfræðisviðs
Kaupþings banka hf.

3. Tilkynning til fjárfesta

Grunnlýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum vegna fyrirhugaðrar töku víxla BS sjóðs, kt. 580308-9960, til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. og koma skulu fram í grunnlýsingu og endanlegum skilmálum hvers víxlaflokks skv. VI., IX., XIII. og XV. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Tilgangurinn er m.a. að koma á framfæri þeim upplýsingum sem áskildar eru skv. reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga í OMX Nordic Exchange Iceland hf. og fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í víxlum sem fyrirhugað er að sækja um töku til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. á grundvelli grunnlýsingar þessarar og endanlegum skilmálum hvers víxlaflokks og verða útgefnir af BS sjóði.

BS sjóður er fagfjárfestasjóður sem rekinn er af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf.

Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér vel kafla 1 (Áhættuþættir) í heild sinni, og þá sérstaklega kafla 1.5, sem fjallar m.a. um áhættu og ábyrgð á greiðslu víxla sem gefnir eru út af BS sjóði og fyrirhugað er að teknir verði til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. samkvæmt grunnlýsingu þessari og endanlegum skilmálum hvers víxlaflokks.

Meðan grunnlýsing þessi er í gildi er hægt eftir atvikum að nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og á heimasíðu sjóðsins (www.kaupthing.is/samsettarafurdir):

- a. Grunnlýsingu þessa
- b. Endanlega skilmála hvers víxlaflokks
- c. Reglur útgefanda
- d. Stofnefnahagsreikning útgefanda frá 30. júní 2008
- e. Útgáfulýsingu fyrir víxlaflokk BS 08 0919

Ef sjóðurinn gefur út fleiri víxlaflokka mun verða hægt að nálgast útgáfulýsingar fyrir þá víxlaflokka á skrifstofu rekstrarfélagsins og á heimasíðu sjóðsins.

Meðan grunnlýsing þessi er í gildi er hægt eftir atvikum að nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu Byr sparisjóðs, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, og á heimasíðu sparisjóðsins (www.byr.is):

- a. Samþykktir Byr sparisjóðs frá 9. apríl 2008
- b. Ársreikning Byr sparisjóðs fyrir árið 2006
- c. Ársreikning Byr sparisjóðs fyrir árið 2007
- d. Árshlutauppgjör Byr sparisjóðs fyrir fyrri helming ársins 2008

4. *Upplýsingar um víxlana*

4.1. *Almennt*

4.1.1. *Útgefandi*

Útgefandi víxlanna er BS sjóður, kt. 580308-9960, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir einnig nefndur „BS“ eða „sjóðurinn“). Sjóðurinn er sjóður um sameiginlega fjárfestingu, nánar tiltekið fagfjárfestasjóður skv. 4. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 6000 og bréfsími 444 7479.

Samkvæmt grein 3.1 í reglum sjóðsins starfar BS í einni deild og mun sjóðurinn fjármagna fjárfestingar sínar með útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaviðurkenninga (s.s. skuldabréfum, víxlum, lánasamningum og öðrum skuldaviðurkenningum), sbr. 10 gr. reglna sjóðsins. Samkvæmt grein 1.8 í reglum sjóðsins er markmið hans að taka þátt í sameiginlegum fjárfestingum með því að fjárfesta fjármuni sjóðsins í fjármálagerningum og öðrum eignum og réttindum í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu, sem kveðið er á um í grein 4 í reglunum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er tilgreind í grein 4.1 í reglum sjóðsins, en sú grein hljóðar svo:

- „4.1 Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum tryggðum með veð í fasteignum sem uppfylla neðangreind skilyrði:
 - 4.1.1 Skuldabréfin skulu tryggð með 1. veðrétti í fasteign (íbúðarhúsnæði).
 - 4.1.2 Fasteignir sem standa til tryggingar skuldabréfunum skulu vera fullbúin íbúðarhúsnæði.
 - 4.1.3 Fasteignir sem standa til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skulu vera staðsettar í;
 - a) Reykjavík.
 - b) Kópavogi.
 - c) Garðabæ.
 - d) Hafnarfirði.
 - e) Seltjarnarnesi.
 - f) Álftanesi.
 - g) Mosfellsbæ.
 - 4.1.4 Veðhlutfall skal ekki vera hærra en 80% við útgáfu viðkomandi skuldabréfs. Með veðhlutfalli er átt við að nafnverð skuldabréfs deilt með markaðsverði fasteignar skuli vera 80% eða minna. Markaðsverð skal fundið út frá metnu verði fasteignarinnar samkvæmt mati löggilts fasteignasala og/eða samkvæmt kaupsamningi. Heimilt er að miða framangreint veðhlutfall við brunabótamat eða fasteignamat.
 - 4.1.5 Skuldabréf skulu ekki hafa farið í 60 daga vanskil frá útgáfudegi með einstaka gjalddaga.“

Markmið sjóðsins er að bjóða eigendum hlutdeildarskírteina upp á hagnað á hlutdeildarskírteini með því að taka þátt í skuldsettum fjárfestingum skv. Viðauka við reglur sjóðsins. Þar kemur einnig fram að sjóðurinn megi fjárfesta allt að 100% af heildareignum í skuldabréfum sem skulu tryggð með 1. veðrétti í fasteign (íbúðarhúsnæði).

Samkvæmt grein 10.1 í reglum sjóðsins mun sjóðurinn fjármagna fjárfestingar sínar með lántöku í bönkum eða sparisjóðum, útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina.

Samkvæmt sömu grein er sjóðnum heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar allt að 99% með lántöku í bönkum og sparisjóðum og með útgáfu og sölu á skuldabréfum, víxlum eða öðrum skuldaviðurkenningum.

Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt að breyta reglum sjóðsins (og þar með fjárfestingarstefnu hans), sbr. grein 14.2 í reglum sjóðsins.

Til að tryggja að sjóðurinn geti mætt greiðsluflæði vegna skuldbindinga sinna er fjárfestingum hans hagað þannig að greiðsluflæði eigna og annarra réttinda sjóðsins á móti skuldum hans sé jafnað eftir því sem frekast er unnt.

Þann 17. mars 2008 var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um stofnun BS sjóðs. Þá gaf Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. út eitt hlutdeildarskírteini í BS þann 30. júní 2008, samtals 345.632.757 einingar og var gengi hvernar einingar kr. 1,0. BS er opinn í þeim skilningi að heimilt er að gefa út fleiri hlutdeildarskírteini en nú þegar hefur verið gert, sbr. grein 7.4 í reglum sjóðsins.

Reglur sjóðsins má finna í kafla 7.2.

4.1.2. Samþykki víxlaútgáfu

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. samþykkti þann 25. júní 2008 að framkvæmdastjóri félagsins og sjóðsstjóri BS fengju hvor um sig heimild til að skrifa undir peningamarkaðsvíxla fyrir hönd sjóðsins að hámarki 15.000.000.000 kr. að nafnvirði, þar sem hver útgáfa víxlaflokks gæti verið að hámarki 2.000.000.000 kr. að nafnvirði. Heimildin nær jafnframt til útgáfu víxlaflokks BS 08 0919, sem gefinn var út 13. júní 2008.

Þann 13. júní 2008 gaf BS út víxla í víxlaflokki BS 08 0919 að nafnvirði 590.000.000 kr. BS hefur ekki gefið út fleiri víxla.

4.1.3. Hagsmunir af útgáfu víxlanna

Samningur um sölu víxlanna

Þann 25. júní 2008 gerði BS samning við Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. um að rekstrarfélagið tæki að sér frumsölu á víxlum útgefnum af sjóðnum (þ.m.t. á víxlaflokki BS 08 0919). BS skal greiða rekstrarfélaginu þóknun sem hér segir:

1. 0,1% þóknun af söluandvirði víxils hverju sinni.
2. 0,3% þóknun af söluandvirði víxils hverju sinni en reiknað á ársgrundvelli.

Fyrir sölu á þriggja mánaða víxli greiðir BS rekstrarfélaginu því þóknun sem nemur 0,175% af söluandvirði víxlanna. Eins og sjá má af útboðsáætlun í kafla 4.2.1 er tímalengd hvers víxlaflokks því sem næst þrjú mánuðir.

Ekki er um einkasöluumboð að ræða og er hægt að segja samningnum upp án fyrirvara.

Fjárfesting í veðskuldabréfum Byr sparisjóðs

Tilgangur sölu víxlaflokks BS 08 0919 og fyrirhugaðarar sölu annarra víxlaflokka í útboðsáætlun í kafla 4.2.1 er að afla fjár til starfsemi BS. Með kaupum á veðskuldabréfum Byr sparisjóðs er sparisjóðnum veitt aukið svigrúm og auknir möguleika til útlána.

4.1.4. Ábyrgð á greiðslu víxlanna

Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni, sbr. almennar reglur kröfuréttarins og grein 3.2 í reglum sjóðsins.

Jafnframt er Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, ábyrgðarmaður víxlanna, sbr. nánar kafla 6, og ábyrgist því greiðslu allrar víxilfjárhæðarinnar við vanskil sjóðsins.

Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér kafla 1 um áhættuþætti við kaup á víxlum sjóðsins, kafla 1.5 um ábyrgð á greiðslu víxlanna og reglur BS sem birtar eru í kafla 7.2.

4.2. Lýsing á víxlunum

4.2.1. Almennt

Verðbréfin sem fyrirhugað er að óska eftir að tekin verði til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. eru í formi eigin víxla. Víxlarnir eru án afsagnar. Víxlarnir eru nafnbréf. Einungis er heimilt að framselja víxlana til nafngreinds aðila og skal kennitala fylgja nafni. Að öðru leyti eru engar hömlur á framsali víxlana.

Víxlarnir eru gefnir út í íslenskum krónum (ISK). Hver víxill verður 10 millj. kr. að nafnvirði.

Ekki er heimilt að greiða víxlana upp fyrir gjalddaga.

Auðkenni, söludagur, útgáfudagur, gjalddagi og ISIN-númer hvers víxlaflokks, sem fyrirhugað er að óska eftir að teknir verði til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf., verða samkvæmt útboðsáætlun sem hér segir:

Auðkenni	Söludagur	Útgáfudagur	Gjalddagi	ISIN nr.
BS 08 0919	13.06.2008	13.06.2008	19.09.2008	IS0000017978
BS 08 1218	17.09.2008	17.09.2008	18.12.2008	IS0000018455
BS 09 0116	15.10.2008	15.10.2008	16.01.2009	IS0000018422
BS 09 0217	12.11.2008	12.11.2008	17.02.2009	IS0000018471
BS 09 0317	16.12.2008	16.12.2008	17.03.2009	IS0000018448
BS 09 0415	14.01.2009	14.01.2009	15.04.2009	IS0000018414
BS 09 0518	13.02.2009	13.02.2009	18.05.2009	IS0000018463
BS 09 0617	13.03.2009	13.03.2009	17.06.2009	IS0000018430
BS 09 0715	13.04.2009	13.04.2009	15.07.2009	IS0000018406

4.2.2. Ábyrgð

Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, hefur undirritað útgáfulýsingu víxlaflokks BS 08 0919 sem ábyrgðarmaður víxlanna skv. IV. kafla víxillaga nr. 93/1933, sbr. 35. gr. laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og ábyrgist greiðslu allrar víxilfjárhæðar hvers víxils í þeim flokki við vanskil sjóðsins. Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga nr. 93/1933 er Byr sparisjóður, sem ábyrgðarmaður, skuldbundinn með sama hætti og BS, sem útgefandi víxlanna.

Að því skilyrði uppfylltu að Byr sparisjóður gangist í ábyrgð fyrir greiðslu annarra víxlaflokka í útboðsáætlun í kafla 4.2.1 með undirritun á útgáfulýsingu þess víxlaflokks sem ábyrgðarmaður víxlanna, mun BS gefa út víxla í viðkomandi víxlaflokka.

Nánari upplýsingar um Byr sparisjóð er að finna í kafla 6.

4.2.3. Forgangs- og víkjandi víxlar

Víxlarnir fela í sér beina, almenna og óskilyrta kröfu á hendur útgefanda og ábyrgðarmanni, sem munu á hverjum tíma vera jafn rétt há innbyrðis og a.m.k. standa jafnfætis (*pari passu*) öllum öðrum ótryggðum skuldbindingum sjóðsins og ábyrgðarmanni, hvort sem til slíkra skuldbindinga hefur verið stofnað við útgáfu víxlanna eða til þeirra verður stofnað síðar.

Samkvæmt grein 10.4 í reglum sjóðsins er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins.

Samkvæmt grein 10.2 í reglum sjóðsins skal greiðslum til sjóðsins ráðstafað í eftirfarandi röð:

- „10.2.1 til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins;
- 10.2.2 í samræmi við skilmála á skuldabréfum, víxlum eða lánasamningum sem sjóðurinn hefur gert og að lokum;
- 10.2.3 til hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við skilmála þeirra en þess skal þó gætt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað.“

Samkvæmt grein 3.2 í reglum sjóðsins er ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni.

4.2.4. Vextir, verðtrygging og önnur réttindi tengd víxlunum

Höfuðstóll víxlanna ber hvorki vexti né verðbætur.

Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á víxlum BS. Víxlarnir eru án afsagnar.

4.2.5. Ávöxtun

Ávöxtunarkrafa og sölugengi ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og sölugengi víxlanna á söludegi er hægt að nálgast hjá útgefanda.

4.2.6. Sölugengi

Sölugengi víxlanna og ávöxtunarkrafa á hverjum fyrirhuguðum söludegi ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og sölugengi víxla í hverjum flokki á söludegi er hægt að nálgast hjá útgefanda.

4.2.7. Gjald dagar og greiðslur

Arion verðbréfavarsla hf. mun annast greiðslu víxlanna á gjalddaga fyrir hönd sjóðsins. Ef eigandi víxils, af einhverjum orsökum, tekur ekki við eða getur ekki tekið við greiðslu frá Arion verðbréfavörslu, mun sjóðurinn hvorki greiða vexti né dráttarvexti frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Geti sjóðurinn hins vegar ekki greitt andvirði víxlanna á gjalddaga falla dráttarvextir á kröfuna í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

4.2.8. Skráning eigenda víxlanna

Víxlarnir munu verða rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., Laugavegi 182, 5. hæð, 105 Reykjavík. Verðbréfaskráning sér því um skráningu á eigendum víxlanna hverju sinni. Gagnvart BS skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar Íslands hf. um eigendur víxlanna sem fullgild sönnun fyrir eignarétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa.

Réttindi að víxlunum skal skrá í Verðbréfaskráningu Íslands hf. ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Eignarskráning víxils hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., að undangenginni lokafærslu Verðbréfaskráningar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda yfir víxlunum ræðst af því hvenær beiðni um skráningu réttindanna berst Verðbréfaskráningu Íslands hf.

4.2.9. Takmarkanir á framsali víxlanna

Engar hömlur eru á framsali víxlanna. Víxlarnir eru nafnbref. Óheimílt er að framselja víxil á handhafa.

Að öðru leyti fer um viðskipti með víxlana eftir reglum OMX Nordic Exchange Iceland hf. og almennum reglum kröfuréttar.

4.2.10. Söluþrygging og viðskiptavakt

Sala hvers víxlaflokks verður ekki söluþryggð. Viðskiptavakt er ekki og mun ekki verða með víxlana.

4.2.11. Tilgangur fyrirhugaðrar sölu

Tilgangur sölu víxlaflokks BS 08 0919 og fyrirhugaðrar sölu annarra víxlaflokka í útboðsáætlun í kafla 4.2.1 er að afla fjár til starfsemi BS. Með kaupum á veðskuldaþréfum Byr sparisjóðs er sparisjóðnum veitt aukið svigrúm og auknir möguleika til útlána.

4.2.12. Tilkynningar

Tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi víxla hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og, ef reglur OMX Nordic Exchange Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga kveða svo á, með birtingu upplýsinga fyrir almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

4.2.13. Löggjöf

Um víxlana gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933 og jafnframt ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, eftir því sem við á. Um fyrningu krafna gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933, en samkvæmt 70. gr. laganna fyrnast kröfur á hendur útgefanda og framseljanda á þremur árum frá gjalddaga víxils.

Rísi mál út af víxlum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skattaleg meðferð víxlanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur ber Arion verðbréfavörslu hf., sem milligönguaðila um greiðslu víxlanna, skylda til að draga staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð. Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjaldi samkvæmt 115. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Grunnlýsing þessi hefur verið unnin í samræmi við VI. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og er eingöngu birt á íslensku.

4.3. Endanlegir skilmálar

BS sjóður

Útgáfa ISK [●] BS sjóður [●]

A-HLUTI – SAMNINGSSKILMÁLAR

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 16. september 2008, skv. VI., IX., XIII. og XV. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir víxlana sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er:

www.kaupthing.is/samsettarafurdir

1. Útgefandi: BS sjóður, kt. 580308-9960, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
2. Ábyrgð útgefanda: Útgefandi ábyrgist greiðslu víxlanna, sbr. greiðsluloforð þess efnis sem fram kemur í víxlunum. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, ber ekki ábyrgð á greiðslu víxlanna og gengst ekki í ábyrgð fyrir innheimtu kostnaðar eða nokkurra greiðslna sem tengjast víxlunum, hvorki í heild né hluta. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er hvorki útgefandi né ábyrgðarmaður víxlanna. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. ábyrgist að eignir BS sjóðs verða varðveittar í samræmi við reglur sjóðsins og að þær verði nýttar til endurgreiðslu á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur gefið út og til greiðslu á rekstrar-kostnaði sjóðsins.

- | | | |
|-----|---|---|
| 3. | Ábyrgðarmaður | Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, hefur gengist í ábyrgð fyrir greiðslu allrar víxilfjárhæðar víxla í flokknum. |
| 4. | (i) Auðkenni | BS [●] |
| | (ii) ISIN-númer: | [●] |
| 5. | Tilgreind mynt eða myntir: | ISK |
| 6. | Samanlagt nafnverð: | ISK [●] |
| | Þegar útgefið og selt: | ISK [●] |
| | Hámarksfjárhæð flokks: | ISK [●] að nafnvirði |
| 7. | Ávöxtunarkrafa á söludegi: | [●] |
| 8. | Dagaregla: | Actual/360 |
| 9. | Nafnverðseiningar: | ISK 10.000.000 |
| 10. | Útgáfudagur: | [●] |
| 11. | Gjalddagi: | [●] |
| 12. | Dagur sem víxlarnir verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.: | [dd.mm.aaaa] |
| 13. | Söluaðili: | Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík. |
| 14. | Verðbréfamiðstöð: | Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi 182, 5. hæð, 105 Reykjavík. |

BS er fagfjárfestasjóður skv. 4. gr. laga nr. 30/2003. Samkvæmt grein 10.1 í reglum sjóðsins er honum heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar allt að 99% með lántöku í bönkum eða sparisjóðum og með útgáfu og sölu á skuldabréfum, víxlum og öðrum skuldaviðurkenningum. Samkvæmt grein 4.1 í reglum sjóðsins fjárfestir sjóðurinn í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum sem uppfylla nánar tiltekin skilyrði. Sjóðurinn hefur ekki eiginlegan rekstur með höndum.

[Sjóðurinn hefur gefið út víxla sem teknir hafa verið til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. á grundvelli grunnlýsingar dagsettri 16. september 2008 og endanlegra skilmála fyrir víxlaflokk(a) [●] og fjárfest fyrir söluandvirðið í samræmi við grein 4.1 í reglum sjóðsins. Eignir, skuldir og þar með eiginfjárlutfall sjóðsins er því breytilegt, allt eftir því hversu mikið sjóðurinn hefur gefið út af víxlum og öðrum skuldaviðurkenningum á hverjum tíma.]

UMSÓKN UM TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Endanlegir skilmálar þessir fela í sér endanlega skilmála sem krafist er til að taka víxla-útgáfu, sem hér er lýst, til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. og heimilt er

að stunda viðskipti með í OMX Nordic Exchange Iceland hf. samkvæmt útboðsáætlun BS sjóðs um víxlaútgáfu að fjárhæð allt að 15.000.000.000 kr. að nafnvirði.

B-HLUTI - AÐRAR UPPLÝSINGAR

1. HAGSMUNIR EINSTAKLINGAR OG LÖGAÐILA SEM KOMA AÐ ÚTGÁFU ÞESSARI.

[BS greiddi Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. [●] kr. fyrir sölu víxlana til fjárfesta samkvæmt samningi aðila þar um frá 25. júní 2008. Tilgangur sölu víxlaflokksins er að afla fjár til starfsemi BS. Með kaupum BS á veðskuldabréfum Byr sparisjóðs er sparisjóðnum veitt aukið svigrúm og auknir möguleika til útlána.]

Að öðru leyti á enginn einstaklingur eða lögaðili, sem kemur að útgáfu víxlanna, beina efnislega hagsmuni af útgáfunni.

2. ÁSTÆÐUR ÚTGÁFUNNAR OG HEILDARKOSTNAÐUR

(i) Ástæður útgáfunar: Almenn fjármögnun

(ii) Áætlaður heildarkostnaður við töku víxlaflokksins til viðskipta: Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., fyrir hönd BS sjóðs, greiðir allan kostnað við fyrirhugaða töku víxlaflokksins til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Heildarkostnaður við töku víxlaflokksins til viðskipta er samtals [●] kr. Þar af eru [●] kr. greiddar til OMX Nordic Exchange Iceland hf. en annar kostnaður er [●] kr. Umsjónaraðili fær ekki greidda þóknun vegna þjónustu sinnar við fyrirhugaða töku víxlaflokksins til viðskipta. Útgefandi ber því ekki kostnað við töku víxlaflokksins til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

ÁBYRGÐ

Útgefandinn ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann [●] 2008:

sem hefur til þess fullt umboð

Undirritað af hálfu ábyrgðarmanns þann [●] 2008:

sem hefur til þess fullt umboð

sem hefur til þess fullt umboð

4.4. Fyrirhuguð taka víxla til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

4.4.1. Tilgangur fyrirhugaðrar töku víxla til viðskipta

Tilgangur fyrirhugaðrar töku víxla til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. er að veita fjárfestum upplýsingar um fjárhagsstöðu sjóðsins, jafnframt því að færa starfs-hætti og upplýsingagjöf BS undir reglur OMX Nordic Exchange Iceland hf. eins og þær eru á hverjum tíma og þannig auka markaðshæfi víxlanna sem fjármagna að mestu leyti fjárfestingar BS.

4.4.2. Umsjón með fyrirhugaðri töku víxla til viðskipta

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík hefur umsjón með fyrirhugaðri töku víxlanna til viðskipta.

4.4.3. Umsókn um töku víxla til viðskipta

Að lokinni útgáfu víxlanna og sölu þeirra mun sjóðurinn sækja um töku víxlanna til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Útgáfa einstakra víxilflokka verður tilkynnt OMX Nordic Exchange Iceland hf. hverju sinni. Samkvæmt samþykkt stjórnar Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. getur hver útgáfa víxlaflokks verið að hámarki 2.000.000.000 kr. að nafnvirði.

Ekki verður óskað eftir því að víxlar BS verði teknir til viðskipta í öðrum kauphöllum.

4.4.4. Kostnaður við fyrirhugaða töku til viðskipta

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., fyrir hönd BS, greiðir allan kostnað við fyrirhugaða töku víxlanna til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Heildarkostnaður við töku hvers víxlaflokks til viðskipta er samtals 550.000 kr. Þar af eru 450.000 kr. greiddar til OMX Nordic Exchange Iceland hf. en annar kostnaður er 100.000 kr. Kostnaður við töku hvers víxlaflokks til viðskipta getur breyst í samræmi við breytingar á gjaldskrá OMX Nordic Exchange Iceland hf. og breytinga á öðrum kostnaði. Umsjónaraðili fær ekki greidda þóknun vegna þjónustu sinnar við fyrirhugaða töku víxlanna til viðskipta. Útgefandi ber því ekki kostnað við töku víxlanna til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

5. *Upplýsingar um útgefanda*

5.1. *Útgefandi*

Útgefandi víxlanna er BS sjóður, kt. 580308-9960 (hér eftir nefndur „BS“ eða „sjóðurinn“). Lögheimili sjóðsins og skrifstofa er að Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Skráningarstaður sjóðsins er Reykjavík, Ísland. Sími er 444-6000 og bréfsími er 444 7479.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. annast rekstur sjóðsins og starfar félagið eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. stofnaði BS með heimild í 4. gr. laga nr. 30/2003.

Í greinum 1, 3 og 4 í reglum sjóðsins er rekstrarformi sjóðsins lýst og fjárfestingarheimildar hans tilgreindar.

Samkvæmt grein 3.1 í reglum sjóðsins er BS rekinn í einni deild. Sjóðurinn fjármagnar fjárfestingar sínar með útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaviðurkenninga (s.s. skuldbréfum, víxlum, lánasamningum og öðrum skuldaviðurkenningum), sbr. grein 10. gr. reglna sjóðsins.

Dæmigerðir fjárfestar í hlutdeildarskírteinum sjóðsins eru fagfjárfestar. Jafnframt munu helstu fjárfestar víxla sjóðsins vera fagfjárfestar sem óska eftir að ná fyrirfram skilgreindum markmiðum fjárfestinga með þátttöku í skuldsettum fjárfestingum.

Sjóðurinn hefur gefið út hlutdeildarskírteini að nafnvirði 345.632.757 kr., en hver eining var seld fyrir 1 kr. Þau hafa verið greidd að fullu. Heimild er til þess að gefa út fleiri hlutdeildarskírteini samkvæmt grein 7.4 í reglum sjóðsins. Samkvæmt grein 7.3 eiga allir eigendur hlutdeildarskírteina sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína. Sjóðurinn hefur ekki stefnu um arðgreiðslur.

BS var stofnaður þann 17. mars 2008 enda staðfesti Fjármálaeftirlitið sjóðinn þann dag, sbr. grein 2.1.2 í reglum sjóðsins.

Útgefandi er fagfjárfestasjóður skv. 4. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2003 lúta sjóðir skv. 4. gr. laganna ekki eftirliti samkvæmt lögnum. Að því marki sem við á þá gilda lög nr. 30/2003 og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um starfsemi sjóðsins.

Samkvæmt grein 1.8 í reglum sjóðsins hefur sjóðurinn að markmiði að taka þátt í sameiginlegum fjárfestingum með því að fjárfesta fjármuni sjóðsins í fjármálagerningum og öðrum eignum og réttindum í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu, sem kveðið er á um í grein 4 í reglum sjóðsins. Nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnu er að finna í reglum sjóðsins í kafla 7.2.

Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum BS er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni, sbr. grein 3.2 í reglum sjóðsins. Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki eða viðskiptabanki sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, sbr. grein 3.3. Kröfuhafar skuldbréfa, víxla, hlutdeildarskírteina eða hvaða annarra skuldbindinga sjóðsins geta eingöngu beint kröfum sínum gegn sjóðnum sjálfum og eignum sem tilheyra honum, sbr. grein 3.4. Í bókhaldi rekstrarfélagsins er eignum BS haldið aðskildum frá öðrum eignum

félagsins og eignum annarra sjóða í rekstri félagsins. Sjá nánar kafla 1.5 um ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins.

BS er einn af mörgum sjóðum sem Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. rekur samkvæmt heimild í lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Hver sjóður hefur aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélagsins í samræmi við meðal annars 13. gr. laganna. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er að fullu í eigu Kaupþings banka hf. og tengdra aðila. Rekstrarfélagið er því hluti af samstæðuuppjöri Kaupþings banka hf. BS er, líkt og aðrir sjóðir á vegum rekstrarfélagsins, ekki hluti af samstæðuuppjöri Kaupþings banka hf.

BS sjóður er nú hluti af samstæðuuppjöri Byr sparisjóðs þar sem öll hlutdeildarskírteini BS eru við útgáfu þessarar lýsingar í eigu Byr sparisjóðs.

5.2. Fjárfestingarstefna og helstu eignir útgefanda

Samkvæmt grein 3.1 í reglum sjóðsins starfar BS í einni deild og mun sjóðurinn fjármagna fjárfestingar sínar með útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaviðurkenninga (s.s. skuldabréfum, víxlum, lánasamningum og öðrum skuldaviðurkenningum), sbr. 10 gr. reglna sjóðsins. Samkvæmt grein 1.8 í reglum sjóðsins er markmið sjóðsins að taka þátt í sameiginlegum fjárfestingum með því að fjárfesta fjármuni sjóðsins í fjármálagerningum og öðrum eignum og réttindum í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu, sem kveðið er á um í grein 4.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er tilgreind í grein 4.1 í reglum sjóðsins, en sú grein hljóðar svo:

- „4.1 Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum tryggðum með veð í fasteignum sem uppfylla neðangreind skilyrði:
 - 4.1.1 Skuldabréfin skulu tryggð með 1. veðrétti í fasteign (íbúðarhúsnæði).
 - 4.1.2 Fasteignir sem standa til tryggingar skuldabréfunum skulu vera fullbúin íbúðarhúsnæði.
 - 4.1.3 Fasteignir sem standa til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skulu vera staðsettar í;
 - a) Reykjavík.
 - b) Kópavogi.
 - c) Garðabæ.
 - d) Hafnarfirði.
 - e) Seltjarnarnesi.
 - f) Álftanesi.
 - g) Mosfellsbæ.
 - 4.1.4 Veðhlutfall skal ekki vera hærra en 80% við útgáfu viðkomandi skuldabréfs. Með veðhlutfalli er átt við að nafnverð skuldabréfs deilt með markaðsverði fasteignar skuli vera 80% eða minna. Markaðsverð skal fundið út frá metnu verði fasteignarinnar samkvæmt mati löggilts fasteignasala og/eða samkvæmt kaupsamningi. Heimilt er að miða framangreint veðhlutfall við brunabótamat eða fasteignamat.
 - 4.1.5 Skuldabréf skulu ekki hafa farið í 60 daga vanskil frá útgáfudegi með einstaka gjalddaga.“

Markmið sjóðsins er að bjóða eigendum hlutdeildarskírteina upp á hagnað á hlutdeildarskírteini með því að taka þátt í skuldsettum fjárfestingum skv. Viðauka við reglur sjóðsins. Þar kemur einnig fram að sjóðurinn megi fjárfesta allt að 100% af heildarignum í skuldabréfum sem skulu tryggð með 1. veðrétti í fasteign (íbúðarhúsnæði).

Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að ná fram ávöxtun á eigið fé með því að ná fram vaxtamun á milli eigna og útgefna skuldaviðurkenninga að teknu tillit til rekstrarkostnaðar.

Samkvæmt grein 10.1 í reglum sjóðsins mun sjóðurinn fjármagna fjárfestingar sínar með lántöku í bönkum eða sparisjóðum, útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina. Samkvæmt sömu grein er sjóðnum heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar allt að 99% með lántöku í bönkum og sparisjóðum og með útgáfu og sölu á skuldabréfum, víxlum eða öðrum skuldaviðurkenningum.

Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt að breyta reglum sjóðsins (og þar með fjárfestingarstefnu hans), sbr. grein 14.2 í reglum sjóðsins.

Þann 27. júní 2008 gerði BS og Byr sparisjóður samning um viðskipti með skuldabréf og ábyrgðir o.fl. Á grundvelli samningsins keypti BS og Byr sparisjóður seldi 93 veðskuldabréf, samtals að nafnverði 831.981.000 kr. og að uppreiknaðri stöðu þann dag samtals 910.122.488 kr. Í samningnum var jafnframt samið um sölurétt BS á umræddum skuldabréfum til Byr sparisjóðs, allra sem og einstakra skuldabréfa, hvenær sem er á verði sem nemur uppreiknaðri stöðu viðkomandi skuldabréfs ásamt áföllnum vöxtum og ógreiddum kostnaði vegna innheimtu o.fl. Ef framangreint söluverð er lægra en lágmarksverð sem tiltekið er í viðauka við samninginn (933.386.230 kr. m.v. 15. september 2008) skal BS eiga rétt á að selja skuldabréfin á því lágmarksverði sem tiltekið er í viðaukanum varðandi hvert og eitt skuldabréf. Byr sparisjóði er skylt að verða við kröfu kaupanda um endurkaup og skal greiða kaupverð skuldabréfanna til BS innan sjö virkra daga frá móttöku tilkynningar um að BS ætli sér að nýta söluréttinn.

Í skráningarkerfi BS eru eignir flokkaðar niður í eftirfarandi flokka miðað við 15. september 2008:*

Flokkur	Fjöldi	Hlutfall af flokki	Stærð flokks
Veðskuldabréf	91	98,2%	960 millj. kr.
Reiðufé		1,8%	17,5 millj. kr.
SAMTALS			977,5 millj. kr.

Þann 15. september 2008 var bókfært virði hvers víxils í flokki BS 08 0919, 9.978.930 kr.*

* Ofangreindar tölur eru ekki endurskoðaðar.

Vörslufyrirtæki sjóðsins uppfærir mat á verðmæti eigna sjóðsins a.m.k. ársfjórðungslega.

Sjóðurinn hefur ekki og mun ekki á líftíma sínum fjárfesta í einum eða fleiri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem heimilt er að fjárfesta meira en 20% af brúttóeignum sínum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (opnum og/eða lokuðum).

Fjárfestingar sjóðsins takmarkast við fjárfestingarstefnu hans. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. og vörslufyrirtæki sjóðsins fylgjast með því að fjárfestingar sjóðsins séu í samræmi við fjárfestingarstefnu hans. Brot á fjárfestingartakmörkunum útgefanda eru ekki tilkynnt sérstaklega til fjárfesta.

5.3. Fjárhagsstaða og rekstrarafkoma

Fjárhagsstaða sjóðsins er góð ef tekið er tillit til getu sjóðsins til þess að mæta skuldbindingum sínum. Ekki hefur orðið greiðslufall af eignum sjóðsins.

5.4. Mat á eignum sjóðsins

Samkvæmt grein 9.1 í reglum sjóðsins skal mat á eignum sjóðsins á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Virði skuldbréfa og annarra skuldaviðurkenninga sem einstaklingar hafa gefið út og eru í eigu sjóðsins skal meta miðað við uppreiknaða stöðu þeirra, nema ríkar ástæður mæli gegn slíku mati, sbr. grein 9.4 í reglum sjóðsins. Þann 15. september 2008 voru rúmlega 98% eigna sjóðsins veðskuldabréf útgefin af einstaklingum sem metin eru í samræmi við framangreinda reglu. Samkvæmt grein 1.6 er grunnmynt sjóðsins íslenskar krónur.

Í greinum 9.2 og 9.3 kemur fram að fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar, en virði annarra fjármálagerninga skal háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Hvorki rekstrarfélagi né vörslufyrirtæki er heimilt að fresta mati á eignum sjóðsins.

5.5. Rekstur og varsla sjóðsins

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. sér um rekstur sjóðsins skv. grein 1.2 í reglum sjóðsins. Samkvæmt greinum 6.1 og 6.2 í reglum sjóðsins reiknast og greiðist kostnaður vegna reksturs sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- „6.1 Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu þóknun sem er á ársgrundvelli 0,15% af meðalstöðu eigna sjóðsins samkvæmt 9. gr. án tillits til skulda.
- 6.2 Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélaginu þóknun (þóknun rekstrarfélags) mánaðarlega, þann 1. hvers mánaðar (viðkomandi útreikningsdag). Þóknun rekstrarfélags skal vera reiknuð út fyrir hönd sjóðsins í íslenskum krónum á viðkomandi útreikningsdegi og taka mið af eignum sjóðsins á undanfarandi útreikningstímabili.“

Ef breyta á upphaflegri prósentutölu þóknunar rekstrarfélags skal rekstrarfélagið, fyrir hönd sjóðsins, tilkynna það hverjum handhafa hlutdeildarskírteina í sjóðnum með 30 daga fyrirvara, sbr. grein 6.4 í reglum sjóðsins.

Rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta hjá sjóðnum tilfallandi gjöld, s.s. lögfræðikostnað, sérstaka endurskoðun ef á þarf að halda, ferðakostnað o.s.frv. sem tengist sjóðnum, sbr. grein 6.5 í reglum sjóðsins.

Vörsluþóknun vörslufyrirtækis sjóðsins greiðist af þóknun rekstrarfélagsins, sbr. grein 5.4 í reglum sjóðsins.

Tekið er á mögulegum hagsmunarárekstrum milli útgefanda annars vegar og þjónustuaðila hans hins vegar með því ákveða þóknunir til þeirra í reglum sjóðsins og fara í einu og öllu eftir þeim reglum.

BS hefur gert samning við Byr sparisjóð um þjónustu vegna skuldabréfanna. Í samningnum er m.a. kveðið á um að Byr sparisjóður annist innheimtu bréfanna, geymslu, framkvæmi skilmálabreytingar og komi að öllu leyti fram fyrir hönd sjóðsins í samræmi við ákvæði samningsins. Samkvæmt grein 6.2 í samningnum skulu frumrit skuldabréfanna ávallt geymd aðgreind í öryggisgeymslu frá öðrum skuldabréfum og á ábyrgð Byr sparisjóðs. Samkvæmt grein 8.4 í samningnum greiðir BS Byr sparisjóði ekki fyrir þá þjónustu sem Byr sparisjóður veitir samkvæmt samningnum.

5.6. Samningur um sölu víxla sjóðsins

Þann 25. júní 2008 gerði BS samning við Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. um að rekstrarfélagið tæki að sér að frumsölu víxla útgefna af sjóðnum (þ.m.t. á víxlaflokki BS 08 0919). Fyrir sölu á þriggja mánaða víxli greiðir BS rekstrarfélaginu því þóknun sem nemur 0,175% af söluandvirði víxlanna. Nánar er fjallað um samninginn í kafla 4.1.3.

5.7. Fjármögnun og viðskipti

Sjóðnum er heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar með útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaviðurkenninga (s.s. skuldabréfum, víxlum, lánasamningum og öðrum skuldaviðurkenningum) og lántöku í bönkum og sparisjóðum, sbr. greinar 3.1 og 10 í reglum sjóðsins. Sjóðnum er því heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar t.d. með útgáfu og sölu á víxlum. Þá er notkun sjóðsins á því fjármagni sem hann aflar bundið við fjárfestingarheimildir í grein 4 í reglum sjóðsins.

BS hefur ekki átt viðskipti við Kaupþing banka hf., sem er móðurfélag Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

5.8. Endurskoðandi

Endurskoðandi sjóðsins er KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík og Reynir Stefán Gylfason, löggiltur endurskoðandi, fyrir hönd KPMG hf. Reynir Stefán er félagi í Félagi löggiltra endurskoðenda. Reynir Stefán hefur endurskoðað og áritað án fyrirvara stofnefnahagsreikning sjóðsins.

5.9. Rekstrarfélagið

5.9.1. Almennar upplýsingar

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, er með skráða skrifstofu að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélagið er hlutafélag og var stofnað þann 26. september 1996. Skráningarstaður rekstrarfélagsins er í Reykjavík, Ísland. Sími rekstrarfélagsins er 444 6000.

Félagið er að fullu í eigu Kaupþings banka hf. og tengdra aðila. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skv. lögum nr. 30/2003.

Starfsleyfi félagsins tekur auk leyfis til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnun-

ar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu. Félagið hefur á að skipa starfsfólki sem hefur sérhæft sig í stjórnun fjárfestingarsamvals sjóða um sameiginlega fjárfestingu og sérgreindra verðbréfasafna fagfjárfesta.

5.9.2. Hlutafé og samþykktir

Hlutafé Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. er að fjárhæð 43,5 millj. kr., sbr. 4. gr. samþykktu félagsins, og er allt útgefið og greitt. Hver hlutur er 1 kr. að nafnvirði. Að óbreyttum samþykktum er ekki heimilt að gefa út frekara hlutafé. Hlutafé hefur ekki verið hækkað eða lækkað á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu félagsins fylgja engin sérréttindi hlutum í félaginu og eru hluthafar ekki skyldir til að þola innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

Sá sem eignast hlutabréf í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum, sbr. 3. mgr. 6. gr. samþykktu félagsins. Þar segir jafnframt að menn öðlist þó eigi atkvæðisrétt fyrr en að liðnum 14 dögum frá því að nafn þeirra var skráð í hlutaskrána.

Samkvæmt 3. gr. samþykktu félagsins er tilgangur félagsins hvers konar daglegur rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. II. og III. kafla laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er jafnframt eignastýring, fjárfestingarráðgjöf og varsla og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr., sbr. b-liður 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002. Einnig rekstur sem nauðsynlegur er fyrir tilgang félagsins.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. samþykktu félagsins fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Aðalfund skal boða fyrir lok aprílmánaðar ár hvert samkvæmt 2. mgr. 7. gr. Þar segir jafnframt að til aðal- og aukafundar skal boða með bréfi til hluthafa með skemmst viku fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. samþykktu félagsins skipa þrjú menn stjórn félagsins og jafn margir til vara og skulu þeir kjörnir á aðalfundi félagsins ár hvert. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. fer stjórn með málefni félagsins nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum. Samkvæmt 12. gr. skal halda stjórnarfundum þegar einhver stjórnarmanna, endurskoðandi eða framkvæmdastjóri krefst þess. Fundir stjórnar eru lögmætir ef þrjú stjórnarmanna sækja fund og til gildir samþykktar fundarins þarf þrjú atkvæði.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, sbr. 1. mgr. 11. gr. samþykktu félagsins. Stjórnarmenn skulu búa yfir nægjanlegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt og mega þeir ekki hafa sýnt af sér hátt semi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. samþykktu félagsins annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur félagsins. Samkvæmt sömu málsgrein skal framkvæmdastjóri vera búsettur hér á

landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og má ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

5.9.3. Stjórn, framkvæmdastjóri og sjóðsstjóri

BS er fagfjárfestasjóður og stundar því ekki eiginlega starfsemi. Sökum þessa er hvorki til staðar félagsstjórn né framkvæmdarstjóri. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins samkvæmt því sem lög og reglur sjóðsins ákveða. Stjórn sjóðsins er því sú sama og stjórn rekstrarfélagsins. Hér að neðan eru upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarfélagsins. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins ásamt sjóðsstjóra útgefanda þiggja ekki laun eða önnur hlunnindi frá útgefanda.

Þórarinn Sveinsson. Stjórnarformaður síðan 8. apríl 2004. Þórarinn er framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs og einkabankaþjónustusviðs Kaupþings banka hf. Þórarinn útskrifaðist sem verkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1992 og með mastersgráðu í verkfræði (Master of Science) frá Massachusetts Institute of Technology (MIT) árið 1995. Þórarinn réðst til starfa hjá Kaupþingi banka hf. árið 1999. Þórarinn tók við starfi framkvæmdastjóra á eignastýringarsviði bankans árið 2001.

Þórarinn er stjórnarformaður í Gen hf. og Hrossholti ehf. Þórarinn er einnig meðstjórnandi í THSV ehf. Á síðastliðnum 5 árum hefur Þórarinn verið meðstjórnandi í fimm félögum: Libra ehf., Sumarhúsasmiðjan ehf., Hagar ehf., Fjárfestingasjóður Búnaðarbankans hf. og Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hf.

Dr. Birgir Örn Arnarson. Meðstjórnandi síðan 8. apríl 2004. Birgir er framkvæmdastjóri áhættustýringarsviðs Kaupþings banka hf. Birgir útskrifaðist með BS-gráðu í stærðfræði frá University of Kansas árið 1994 og doktorsgráðu frá Cornell University í aflfræði (*e. theoretical and applied mechanics*) árið 1999. Birgir höf störf í áhættustýringu Kaupþings banka hf. árið 1999. Birgir tók við starfi framkvæmdastjóra áhættustýringar árið 2005.

Birgir er stjórnarmaður í 4 félögum: Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar, Kaupthing Advisory Company S.A., Alpha Management Company og GIR Fund Management Company. Síðastliðin fimm ár hefur Birgir verið meðstjórnandi í Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans hf.

Sigurður Guðmundsson. Meðstjórnandi síðan 10. desember 2007. Sigurður hóf störf í lögfræðiráðgjöf Kaupþings banka hf. árið 2004. Sigurður útskrifaðist með Cand. jur.-gráðu frá Háskóla Íslands árið 2006 og öðlaðist réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmaður árið 2007.

Að öðru leyti en að ofan greinir á Sigurður ekki nú og hefur ekki átt á síðustu 5 árum aðild að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi félags.

Ómar Kaldal Ágústsson. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. Ómar starfaði á eignastýringarsviði Landsbanka Ísland hf. við rekstrar- og árangursstjórnun frá 2000-2005. Hann hefur starfað hjá Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. síðan 2005.

Ómar á ekki nú og hefur ekki átt síðustu 5 ár aðild að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi félags.

Jón Finnbogason er sjóðsstjóri BS sjóðs (Investment Manager). Jón er sjóðsstjóri hjá Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. og hefur viðeigandi sérfræðipækkingu og reynslu í sjóðastýringu. Jón útskrifaðist með Cand. jur.-gráðu frá Háskóla Íslands árið 1998 og öðlaðist réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmaður árið 2000. Jón hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. árið 2001 og hefur yfir 5 ára reynslu af störfum í eignastýringu. Jón er sjóðsstjóri tveggja annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en þeir eru Kaupthing Mortgages Institutional Investors Fund (KMIIF) og KFF Institutional Investor Fund (KFF). KMIIF ábyrgist útgáfu sammingsbundinna sértryggðra skuldabréfa sem Kaupþing banki hf. hefur gefið út og hafa verið tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. (*structured covered bonds*) og KFF hefur einnig gefið út skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Jón á ekki nú og hefur ekki átt síðustu 5 ár aðild að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi félags.

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. samþykkti þann 25. júní 2008 að framkvæmdastjóri félagsins og sjóðsstjóri BS fengju hvor um sig heimild til að skrifa undir peningamarkaðsvíxla fyrir hönd sjóðsins að hámarki 15.000.000.000 kr. að nafnvirði, þar sem hver útgáfa víxlaflokks gæti verið að hámarki 2.000.000.000 kr. að nafnvirði. Heimildin nær jafnframt til útgáfu víxlaflokks BS 08 0919, sem gefin var út 13. júní 2008.

Heimilisfang vinnustaða ofangreindra aðila er Borgartún 19, 105 Reykjavík.

Engin fjölskyldutengsl eru milli ofangreindra aðila. Enginn ofangreindra aðila hefur verið sakfelldur vegna svikamála síðastliðin fimm ár, verið framkvæmdastjóri eða aðili að framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn í félagi sem orðið hefur gjaldþrota, verið undir skiptameðferð eða félagsslitum síðastliðin fimm ár, hlotið opinbera kærufyrirspurn og/eða viðurlög af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfyrivalda síðastliðin fimm ár eða verið dæmdur vanhæfur til að starfa sem aðili í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda verðbréfa eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá útgefanda verðbréfa síðustu fimm árin.

Ekki er um neina hagsmunarárekstra að ræða milli skyldustarfa hjá þeim einstaklingum, sem fjallað er um í þessum undirkafla, fyrir BS og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

5.9.4. Stjórnarhættir

Stjórnarmenn í stjórn rekstrarfélagsins voru kjörnir á aðalfundi Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. þann 19. júní 2008. Stjórnarmenn rekstrarfélagsins eru kjörnir til næsta aðalfundar Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. Framkvæmdastjóri og sjóðsstjóri eru ráðnir ótímabundið.

Engir aðilar að stjórn rekstrarfélagsins, framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins eða sjóðsstjóri hafa gert starfssamninga við útgefanda eða eitthvert dótturfyrirtækja hans um að þau greiði hlunnindi við starfslok.

BS hefur ekki endurskoðunar- eða launanevnd. BS uppfyllir ekki Leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, OMX Nordic Exchange Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja, enda fagfjárfestasjóður.

5.9.5. Endurskoðandi

Endurskoðandi rekstrarfélagsins er KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík og Reynir Stefán Gylfason, löggiltur endurskoðandi, fyrir hönd KPMG hf. Reynir Stefán er meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda.

5.10. Dómsmál og gerðardómsmál

Við útgáfu þessarar grunnlýsingar á sjóðurinn ekki aðild að neinum stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem gætu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi sjóðsins og hefur ekki átt aðild að slíkum málum frá stofnun hans.

5.11. Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu sjóðsins

Engar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu sjóðsins hafa átt sér stað frá dagsetningu stofnefnahagsreiknings sjóðsins.

5.12. Vörslufyrirtæki

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion verðbréfavarsla hf., kt. 470502-4520, Ármúla 13, 108 Reykjavík („Arion“) samkvæmt samningi þar um milli Arion og rekstrarfélagsins. Skráningarstaður vörslufyrirtækis sjóðsins er Reykjavík, Ísland. Sími vörslufyrirtækisins er 528 2800.

Arion var stofnað 30. apríl 2002. Arion er hlutafélag og að fullu í eigu Kaupþings banka hf. og tengdra aðila.

Meginstarfsemi félagsins er að starfrækja verðbréfaþjónustu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, einkum verðbréfavörslu og þjónustu henni tengda. Arion hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki.

Stjórn Arion skipa Ingólfur Helgason (stjórnarformaður), kt. 041067-5279, forstjóri Kaupþings banka hf. á Íslandi, Guðný Arna Sveinsdóttir, kt. 090266-3069, fjármálastjóri Kaupþings banka hf., Guðrún Blöndal, kt. 270360-3869, framkvæmdastjóri Arion, Hreiðar Már Sigurðsson, kt. 191170-5719, forstjóri Kaupþings banka hf. og Kristján Ásgeir Þorbergsson, kt. 300357-4159, hæstaréttarlögmaður.

Framkvæmdastjóri Arion er Guðrún Blöndal, kt. 270360-3869.

Auk verðbréfavörslu sinnir Arion ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt samningi hefur rekstrarfélag sjóðsins útvistað til Arion ýmsum lögbundum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast ákvörðun og útreikning á bókfærðu virði eigna sjóðsins. Jafnframt annast Arion útreikninga á verðmæti hlutdeildarskírteina sjóðsins og vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Hefur útvistun á framangreindum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð rekstrarfélagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Samkvæmt sama samningi annast Arion jafnframt og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við reglur sjóðsins og bókhaldslög. Arion sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Arion ef efnið varðar þá þætti sem Arion hefur tekið að sér samkvæmt samningnum. Arion sér um að greiða umsýsluþóknun rekstrarfélagsins fyrir sjóðinn, tvisvar á ári.

Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. er heimilt að skipta um vörslufyrirtæki.

5.13. *Upplýsingaskylda*

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. mun birta árs- og hálfársuppgjör BS opinberlega í samræmi við almenna skyldu sjóðsins til að birta umræddar upplýsingar og hægt verður að nálgast þau á starfsstöð rekstrarfélagsins að Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

5.14. *Samþykki víxlaútgáfu*

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. samþykkti þann 25. júní 2008 að framkvæmdastjóri félagsins og sjóðsstjóri fengju, hvor fyrir sig, heimild til að skrifa undir peningamarkaðsvíxla fyrir hönd sjóðsins að hámarki 15.000.000.000 kr. að nafnvirði, þar sem hver útgáfa gæti verið að hámarki 2.000.000.000 kr. að nafnvirði. Heimildin nær jafnframt til útgáfu víxlaflokks BS 08 0919, sem gefinn var út 13. júní 2008.

5.15. *Stofnun og slit BS*

Í samræmi við 4. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um stofnun sjóðsins þann 17. mars 2008.

Sjóðnum skal slitið með innlausn hlutdeildarskírteina eigi síðar en 1. júní 2020.

5.16. *Óvenjuleg viðskipti og lánaþyrirgreiðsla*

Ekki er um að ræða nein óvenjuleg viðskipti né nokkurs konar lánaþyrirgreiðslu sjóðsins við rekstrarfélag sjóðsins né við stjórnarmenn, sjóðsstjóra, starfsmenn eða endurskoðendur rekstrarfélags sjóðsins.

5.17. *Peningaþvætti*

Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki skulu í starfi sínu fyrir hönd sjóðsins fylgja í einu og öllu ákvæðum laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hlutdeildarskírteinisaðilar (áskriftaraðilar) hafa þannig sannað á sér deili þegar þess var óskað með því að framvísa fullgildum persónuskilríkjum. Ef um lögaðila er að ræða skal kanna hvort viðkomandi hafi heimild til að skuldbinda lögaðilann.

6. Upplýsingar um ábyrgðarmann

6.1. Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi gögn eru felld inn í þessa grunnlýsingu með tilvísun:

- Ársuppgjör Byr sparisjóðs fyrir árið 2006
- Ársuppgjör Byr sparisjóðs fyrir árið 2007
- Árshlutauppgjör Byr sparisjóðs fyrir fyrri helming ársins 2008

Allar þessar upplýsingar má finna á heimasíðu Byr sparisjóðs, www.byr.is, og í höfuðstöðvum Byr sparisjóðs, Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

6.2. Upplýsingar um ábyrgðarmann

Lög- og viðskiptaheiti ábyrgðarmanns er Byr sparisjóður og kennitala hans er 610269-2229. Lögheimili og höfuðstöðvar ábyrgðarmanns er Borgartún 18, 105 Reykjavík, Ísland. Skráningarstaður ábyrgðarmanns er Reykjavík, Ísland. Sími ábyrgðarmanns er 575 4000, heimasíða hans er www.byr.is og tölvupóstfang hans er byr@byr.is.

Stofndagur ábyrgðarmanns er 11. nóvember 1961. Rekstrarform ábyrgðarmanns er sparisjóður skv. VIII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ábyrgðarmaður starfar jafnframt undir lögum nr. 161/2002.

6.2.1. Saga og þróun

Byr sparisjóður varð til við samruna Sparisjóðs Vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar þann 1. desember 2006, sem samþykktur var af Fjármálaeftirlitinu 8. desember 2006. Á haustmánuðum 2007 sameinaðist Byr sparisjóður og Sparisjóður Kópavogs, en samruninn var staðfestur af Fjármálaeftirlitinu þann 14. nóvember 2007. Í desember 2007 samþykkti stofnfjáreigendafundur samruna Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Norðlendinga, en sá samruni var samþykktur af Fjármálaeftirlitinu 19. mars 2008.

Áður hafði Sparisjóður Vélstjóra starfað frá árinu 1961 og Sparisjóður Hafnarfjarðar frá árinu 1902 (en hann á uppruna sinn í Sparisjóði Álftaneshrepps, sem stofnaður var árið 1875). Sparisjóður Kópavogs var stofnaður árið 1954. Sparisjóður Norðlendinga var stofnaður í júní 1997 með samruna Sparisjóðs Akureyrar- og Arnarneshrepps og Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps. Þeir sjóðir hafa starfað frá 1884 og 1908. Ljóst er því að Byr sparisjóður á rætur sínar í nokkrum af elstu fjármálastofnunum landsins.

Starfsvettvangur allra þessara sjóða var í upphafi að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki í sínum heimabyggðum og uxu þeir allir samfara þeim. Í dag veitir Byr sparisjóður alhliða fjármálaþjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, stór og smá. Þjónustan nær allt frá almennri bankaþjónustu til verðbréfaþjónustu í gegnum Byr Verðbréf, en Byr sparisjóður tók yfir rekstur og starfsemi Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna hf. þann 6. febrúar 2008.

Byr sparisjóður rekur í dag samtals 6 útibú, sem staðsett eru á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, auk einnar smærri afgreiðslu. Þá eru um 20 hraðbankar vítt og breitt á starfsvæði Byrs.

6.2.2. Nýlegir atburðir er skipta máli við mat á gjaldhæfi ábyrgðarmanns

Á aðalfundi Byrs þann 9. apríl 2008 tilkynnti stjórn Byrs að kannaðir yrðu kostir og gallar þess að breyta rekstrarformi Byrs úr sjálfseignarstofnun (stofnfjársgjóði) í hluta-

félag og ákvað að skipa nefnd sem falið var að meta áhrif af ofangreindri breytingu á rekstrarformi.

Þann 27. ágúst 2008 samþykktu stofnfjáreigendur Byrs á fundi að veita stjórn heimild til að breyta rekstrarformi sparisjóðsins úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag. Heimildin var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Lögum samkvæmt breytist rekstrarform sparisjóðs með samruna hans og hlutafélags, sem er stofnað í þeim tilgangi að yfirtaka rekstur sjóðsins. Síðasti liður ferlisins felst svo í samþykki Fjármálaeftirlitsins á ákvörðun stofnfjáreigenda um breytt rekstrarform og er þess nú beðið.

6.3. Endurskoðendur

Ársreikningur Byr sparisjóðs fyrir árið 2006 var endurskoðað af PriceWaterhouseCoopers hf., Skógarhlíð 12, Reykjavík, og Þóri Ólafssyni, löggiltum endurskoðanda, Hálsaseli 33, Reykjavík, og Jóni H. Sigurðssyni, löggiltum endurskoðanda, Garðhúsum 39, 112 Reykjavík, fyrir hönd PriceWaterhouseCoopers hf. Þórir og Jón eru félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Ársreikningur Byrs sparisjóðs fyrir árið 2007 var endurskoðaður og árshlutauppgjör fyrir fyrri helming ársins 2008 var kannað af KPMG hf., Borgartúni 27, Reykjavík, og Sigurði Jónssyni, löggiltum endurskoðanda, Þrúðvangi 6, Hafnarfirði, og Ólafi Má Ólafssyni, löggiltum endurskoðanda, Hjálmakri 2, 210 Garðabæ, fyrir hönd KPMG hf. Sigurður og Ólafur Már eru félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda.

6.4. Starfsemi og skipulag

6.4.1. Starfsemi

Byr er fjármálastofnun þar sem hagsmunir viðskiptavinarins eru ávallt í fyrirrúmi. Sparisjóðurinn veitir alhliða fjármálaþjónustu, hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, þjónustu sem leitast er við að sníða að mismunandi aðstæðum og þörfum viðskiptavina.

Samstæða Byrs sparisjóðs samanstendur af Byr sparisjóði og 17 dótturfélögum. Öll dótturfélögin eru eignarhalds- og rekstrarfélög nema Allianz á Íslandi hf. Hlutdeildarfélög í eigu Byrs eru 7 talsins. Afkoma dótturfélaga og hlutdeildarfélaga hefur óveruleg áhrif á afkomu Byrs sparisjóðs. Þann 30. júní 2008 nam eignarhlutir Byrs sparisjóðs í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum 3,7% af heildareignum sparisjóðsins. Hlutdeildarfélög og eignarhlutur Byrs í þeim er tilgreindur í töflu 1. Dótturfélög og eignarhlutur Byrs í þeim er tilgreindur í töflu 2.

Hlutdeildarfélög	Eignarhlutur
SP Fjármögnun hf	35,5%
Eignarhaldsfélagið ehf	25,0%
Íslensk verðbréf hf	25,0%
FSP Holding ehf	26,8%
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf	46,7%
Reiknistofa bankanna	4,6%
Teris	26,8%

Tafla 1: Hlutdeildarfélög Byrs sparisjóðs

Dótturfélög	Eignarhlutur
Bréfabær ehf	100,0%
Costa Properties ehf	100,0%
Fjárvari ehf	100,0%
D-1 ehf	100,0%
Allianz á Íslandi hf	100,0%
Lava Capital ehf	100,0%
Landkostaland ehf	100,0%
Njarðarnes ehf	100,0%
Rekstrarfélag sparisjóðanna hf	100,0%
Sameignarfélagið Borgartún 18 sf	100,0%
Shelley Oak Ltd.	50,1%
Sparibréf ehf	100,0%
Sparvernd ehf	100,0%
SPK fjárfesting ehf	100,0%
SPN fjárfesting ehf	100,0%
SPV fjárfesting hf	91,0%
StjórnarZ ehf	100,0%

Tafla 2: Dótturfélög Byrs sparisjóðs

Grundvallarþættir í starfsemi Byrs eru hagsmunir viðskiptavinarins, sveigjanleiki og öryggi. Þannig eru í boði á hverjum tíma mismunandi innlánsform sem gefa góða ávöxtun og sparisjóðurinn býður einnig fjölbreytileg útlánaform.

Byr hefur ævinlega verið fljótur að tileinka sér kosti nútímatækni og tölvuvæðingar. Samhliða tæknibreytingum hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á að efla persónulega þjónustu og opna viðskiptavinum greiða leiðir að starfsfólki sem ávallt er reiðubúið að veita þeim aðstoð og ráðgjöf.

6.4.2. Skipulag


Skipurit Byrs samanstendur af stjórn, tveimur sparisjóðsstjórum, sex afkomusviðum (þ.m.t. dótturfélagið Allianz á Íslandi hf.) og tveimur stoðsviðum. Auk þess eru í skipuritinu þrjár deildir sem heyra undir stjórn og sparisjóðsstjóra: Innri endurskoðun, Mannauður og Áhættustýring og útlánaeftirlit.

Á árinu 2008 var gerð breyting á skipuriti Byrs. Breytingin felur í sér viðbót á einu afkomusviði, sem er Byr verðbréf, og einnig breytingu á hvaða svið eru stoðsvið og afkomusvið.

Afkomusvið starfar í beinum tengslum við viðskiptavini. Bankaþjónusta annast hefðbundna viðskiptabankaþjónustu, Fyrirtækjasvið sér um útvegum lánsfjár til fyrirtækja og ráðgjöf um kaup, sölu og sameiningar fyrirtækja. Byr Verðbréf annast rekstur verðbréfasjóða og stýringu eignasafna fyrir einstaklinga og fagfjárfesta og S24 er sjálfstæð eining sem veitir einstaklingum þjónustu á netinu. Markaðsviðskipti sjá um viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning Byrs og Allianz á Íslandi hf. sér um sölu á fjármálaafurðum Allianz í Þýskalandi.

Stoðsviðin veita stjórnendum og starfsfólki alla nauðsynlega þjónustu. Viðskiptaþróun og markaðsmál annast markaðsverkefni, nýsköpunar- og þróunarverkefni og innri

þjónustu fyrir afkomusviðin. Fjármálasvið sér um fjárstýringu, reikningshald, áætlanir og greiningu og ýmis rekstrar- og öryggismál. Á mynd 1 má sjá skipurit Byrs eins og það er í dag.



Mynd 1: Skipurit Byrs sparisjóðs

Nokkrar breytingar hafa orðið á útibúum Byrs. Sparisjóðurinn rekur nú samtals sex útibú, sem eru á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, ásamt einni smærri afgreiðslu. Höfuðstöðvar Byrs eru í Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

Í Reykjavík eru útibúin að Borgartúni 18 og Hraunbæ 119. Í Kópavogi var nýverið opnað útibú að Digranesvegi 1, en í kjölfarið var útibúum að Hlíðarsmára 19 og Digranesvegi 10 lokað. Í Hafnarfirði er útibú staðsett að Strandgötu 8-10 og í Garðabæ var einnig nýverið opnað útibú að Litlatúni 3 og því eldra útibúi á Garðartorgi lokað. Útibúið á Akureyri er staðsett á Skipagötu 9. Byr sparisjóður rekur einnig lítin þjónustustað í Fjarðarkaupum.

6.5. Stjórnarhættir, stjórn og helstu stjórnendur

Með stjórn Byrs sparisjóðs fara stofnfjáreigendafundur, stjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjórar og framkvæmdastjórar. Árlegur fundur stofnfjáreigenda er æðsta vald í málefnum sparisjóðsins. Stofnfjáreigendafundur er haldinn árlega fyrir lok maí ár hvert. Fundurinn kys sér fimm manna stjórn sem kys sér formann, varaformann og ritara. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum sparisjóðsins á milli stofnfjáreigendafunda og setur sjóðnum markmið í rekstri hans með hagsmuni sjóðsins og stofnfjáreigenda að leiðarljósi í samræmi við tilgang sjóðsins.

6.5.1. Stjórnarhættir

Stjórn Byrs fylgir samþykktum sjóðsins í starfsháttum sínum. Núgildandi samþykktir sjóðsins eru frá 9. apríl 2008. Samþykktir sparisjóðsins má nálgast hjá Byr og á heima-

síðu Byr, sbr. frekari upplýsingar í kafla 3 í þessari grunnlýsingu. Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur stjórnar þar sem sérstaklega er fjallað um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfyrirtækja og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki.

6.5.2. Stjórn

Á aðalfundi Byrs þann 9. apríl 2008 var kjörin ný stjórn. Einnig var gerð breyting á 1. og 3. mgr. 23. gr. samþykka Byrs um að auk fimm stjórnarmanna yrðu kjörnir tveir varamenn.

Í stjórn Byrs sparisjóðs voru kjörnir: Jón Þorsteinn Jónsson (stjórnarformaður), Egill Ágústsson (varaformaður), Jóhanna Waagfjörð (ritari), Ágúst Már Ármann (meðstjórnandi) og Jón Kristjánsson (meðstjórnandi). Í varastjórn voru kjörnir Jón kr. Sólnes og Birgir Ómar Haraldsson.

Í töflu 3 má sjá nýja stjórn ásamt fyrir hvaða félag hver og einn er fulltrúi fyrir og einnig stofnfjáreign hvers og eins ásamt stofnfjáreign tengdra aðila ef einhver er.

Stjórn Byrs sparisjóðs	Hlutverk í stjórn	Fulltrúi fyrir:	Stofnfjáreign 11.09.2008	Stofnfjáreign tengdra aðila 11.09.2008
Jón Þorsteinn Jónsson	Stjórnarformaður	Saxhóll ehf.	81.878.592	1.287.473.716
Egill Ágústsson	Varaformaður	Myllan hf.	33.050.872	419.552.861
Jóhanna Waagfjörð	Ritari	Hagar ehf.	1.129.976	207.475.442
Ágúst Már Ármann	Meðstjórnandi	Imon ehf.	235.000	1.206.647.701
Jón Kristjánsson	Meðstjórnandi	Sund ehf.	31.305.287	1.362.449.267
Jón Kr. Sólnes	Varamaður		62.185.116	0
Birgir Ómar Haraldsson	Varamaður		64.539.876	1.922.181

Tafla 3: Stofnfjáreign stjórnar Byrs sparisjóðs og tengdra aðila 11. september

6.5.3. Helstu stjórnendur

Sparisjóðsstjórar:

Ragnar Zophonías Guðjónsson

Magnús Ægir Magnússon

Framkvæmdastjórar:

Atli Örn Jónsson, framkvæmdastjóri bankaþjónustu

Carl H. Erlingsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs

Ingólfur V. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Byr verðbréfa

Magnús Pálsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og markaðsmála

Sighvatur Sigfússon, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Sigurjón Arnarsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta

Sæmundur Benediktsson, framkvæmdastjóri S24

Innri endurskoðun:

Mjöll Flosadóttir

Regluvarsla:

Ólafur K. Ólafs

Áhættu- og útlánaeftirlit:

Gunnar Árnason

Mannauður:

Herdís Pála Pálsdóttir

Allianz á Íslandi hf.:

Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri

Hagsmunaárekstrar

Ekki er um neina hagsmunaárekstra að ræða hjá stjórnarmönnum, varamönnum í stjórn eða sparisjóðsstjórum Byrs milli skyldustarfa þeirra fyrir Byr og persónulegra hagsmuna og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

6.5.4. Upplýsingar um stjórn og stjórnendur

Stjórnarmeðlimir Byrs:

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður. Starfsstöð: Nóatún 17, 105 Reykjavík. Menntun: Matreiðslumaður frá Hótel- og veitingaskóla Íslands. Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila þann 11. september 2008: 1.369.352.308 kr. að nafnvirði. Jón Þorsteinn starfaði sem verslunarstjóri ýmissa Nóatúnsverslana á árunum 1990-1999 er hann tók við stöðu markaðsstjóra hjá Nóatúni. Jón er stjórnarformaður í fjárfestingafélaginu Saxhóli ehf. og situr í stjórn Byrs sparisjóðs fyrir hönd Saxhóls ehf.

Egill Ágústsson, varaformaður. Starfsstöð: Skeifunni 19, 108 Reykjavík. Menntun: Viðskiptafræðimenntun frá West Ham College London. Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila þann 11. september 2008: 452.603.733 kr. að nafnvirði. Egill er framkvæmdastjóri og hluthafi í Íslensk Ameríska, Tunguháls 11, 110 Reykjavík. Hann hefur frá upphafi borið ábyrgð á allri uppbyggingu og stefnumótun Íslensk Ameríska og fyrirtækja sem félagið hefur keypt á undanförunum árum. Egill hefur setið í stjórn ýmissa félaga en var kosinn í stjórn Byrs sparisjóðs árið 2006 sem fulltrúi Myllanbrauð ehf.

Ágúst Már Ármann, meðstjórnandi. Starfsstöð: Sundaborg 7, 104 Reykjavík. Menntun: Verslunarskóli Íslands 1969 og Verslunarnám í Englandi 1970-1971. Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila þann 11. september 2008: 1.206.882.701 kr. að nafnvirði. Ágúst er framkvæmdastjóri heildarverslunarinnar Ágúst Ármann ehf. og Bik ehf. Ágúst er fulltrúi Imon ehf. í stjórn Byrs sparisjóðs.

Jóhanna Waagfjörð, ritari. Starfsstöð: Hagasmára 1, 201 Kópavogur. Menntun: Þjóðhagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA gráða frá Pennsylvaníu, árið 1995. Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila þann 11. september 2008: 208.605.418 kr. að nafnvirði. Á árunum 1991-1993 starfaði Jóhanna sem fjármálaráðgjafi hjá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka auk þess sem hún tók að sér stundakennslu við Verslunarskóla Íslands veturinn 92/93. Að loknu MBA námi hóf Jóhanna störf hjá

Rubbermaid Incorporated og vann fyrsta árið við kostnaðar- stýringu/eftirlit hjá Rubbermaid Office Products í Tennessee. Á árunum 1996-1999 starfaði Jóhanna sem sérfræðingur á fjármálasviði og aðstoðarmaður fjármálastjóra hjá Little Tikes Commercial Play Systems í Missouri, sem er einnig fyrirtæki innan Rubbermaid samsteypunnar. Í byrjun ársins 1999 hóf hún störf hjá Fjárfestingabanka Atvinnulífsins (FBA) sem sérfræðingur við verðmöt og yfirtökur (mergers and acquisitions). Í lok ársins 1999 tók Jóhanna við stöðu fjármálastjóra hjá sænska fyrirtækinu Scandsea International í Helsingborg og starfaði hjá því fyrirtæki þar til hún hóf störf sem fjármálastjóri hjá Baugi hf. í september 2001 til 2003 þegar hún tók stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Högum hf. (dótturfélag Baugs). Jóhanna tók síðan við starfi framkvæmdastjóra Haga 10. ágúst 2005. Stjórnarseta Jóhönnu hefur verið í Hagkaup, Bónus, 10-11, Aðföng, Ferskar kjötvörur, Hýsingu, Íshöfn, RES, Debenhams, Útilíf, Max, Steinu Sigurðar, Sænsk- Íslenska verslunarfélagið og Auði í krafti kvenna.

Jón Kristjánsson, meðstjórnandi. Starfsstöð: Kringlan 4, 103 Reykjavík. Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila þann 11. september 2008: 1.393.754.554 kr. að nafnvirði. Jón hefur verið stjórnarformaður í Sund ehf. síðan 1995 sem er fjárfestingarfélag sem Jón á sjálfur hluti í. Hann hefur hefur einnig setið í stjórn hjá mörgum öðrum fyrirtækjum.

Til vara:

Jón kr. Sólnes. Starfsstöð: Skipagötu 9, 600 Akureyri. Menntun: Lögfræðipróf frá Háskóla Íslands 1975. Eign í Byr sparisjóði þann 11. september 2008: 62.185.116 kr. að nafnvirði. Jón starfaði sem héraðsdómslögmaður frá 1976 og hæstaréttarlögmaður frá 1984. Frá 1. júní 2007 hefur Jón starfað sem framkvæmdarstjóri fyrir Njarðarnes ehf. Á árunum 2002 til 2005 var Jón formaður Sambands íslenskra sparisjóða og sat hann einnig í stjórn Evrópusambands sparisjóða. Jón hefur setið í stjórn Sparisjóðs Norðlendinga og forvera hans frá árinu 1978.

Birgir Ómar Haraldsson. Starfsstöð: Kringlunni 4, 103 Reykjavík. Menntun: BSc (Hons) í verkfræði frá Strathclyde University í Glasgow 1981 og MSc gráða í fjármálum og alþjóðlegum viðskiptum frá City University Business School (nú Cass Business School) í London árið 1987. Birgir lauk prófi í verðbréfavíðskiptum árið 1997. Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila þann 11. september 2008: 66.462.057 kr. að nafnvirði. Birgir Ómar er starfsmaður Sunds ehf. og hefur starfað við og verið í stjórn fjármálafyrirtækja, framtakssjóða, sem og fyrirtækja sem ekki starfa á fjármálamarkaði. Stjórnarsetur eru margar og einkum vegna starfa sinna í framtaksfjárfestingum eru vel flestar stjórnarsetur að baki. Stjórnarsetur í fjármálafyrirtækjum eru VBS fjárfestingabanki hf., Verðbréfabjónusta sparisjóðanna hf., auk þess að hafa verið stjórnarmaður í ýmsum fyrirtækjum, t.d. ORF líftækni hf., HIVE, Betware, Framtakssamlag EFA, Alþjóðafjárfestingarsamlag EFA o.fl.

Sparisjóðs- og framkvæmdastjórar:

Ragnar Zophonías Guðjónsson, sparisjóðsstjóri. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Ragnar hóf störf hjá Sparisjóði vélstjóra árið 1996 og starfaði í fyrstu sem forstöðumaður hagdeildar og markaðsmála þar til árið 1999 er hann tók við stöðu forstöðumanns innri endurskoðunar sparisjóðsins. Árið 2004 tók Ragnar við stöðu sparisjóðsstjóra. Ragnar hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga tengdum sparisjóðnum..

Magnús Ægir Magnússon, sparisjóðsstjóri. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. MBA frá University of Edinburgh. Magnús hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1997 er hann tók við stöðu forstöðumanns fyrirtækjasviðs sparisjóðsins. Á árinu 2005 tók Magnús við stöðu sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Hafnarfjarðar og gegnir sömu stöðu hjá Byr sparisjóði. Magnús hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga tengdum Sparisjóði Hafnarfjarðar og Byr sparisjóði.

Starfsstöð beggja sparisjóðsstjóra er Borgartún 18, 105 Reykjavík.

Atli Örn Jónsson, framkvæmdastjóri bankaþjónustu. Starfsstöð: Borgartúni 18, 105 Reykjavík. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Atli Örn hóf störf hjá Sparisjóði vélstjóra árið 2003. Atli er stjórnarmaður í Kreditkortum hf.

Carl H. Erlingsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Starfsstöð: Strandgata 8-10, 220 Hafnarfjörður. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Carl hóf störf hjá Sparisjóði Kópavogs 1994, fyrst sem útibússtjóri og síðar sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs og sparisjóðsstjóri frá 2002.

Ingólfur V. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Byr verðbréfa. Starfsstöð: Digranesvegur 1, 200 Kópavogur. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Ingólfur hóf störf hjá Sparisjóði Kópavogs 1993, fyrst sem deildarstjóri og síðar forstöðumaður hagdeildar og aðstoðarsparisjóðsstjóri frá 2002.

Magnús Pálsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og markaðsmála. Starfsstöð: Strandgata 8-10, 220 Hafnarfjörður. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. MBA GeM frá Háskólanum í Reykjavík. Magnús hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1998 og gegndi fyrst um sinn stöðu forstöðumanns á þróunarsviði sparisjóðsins. Á árinu 2005 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra innri reksturs hjá sparisjóðnum. Í desember 2006 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar og markaðssviðs hjá Byr sparisjóði.

Sighvatur Sigfússon, framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Starfsstöð: Borgartúni 18, 105 Reykjavík. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Sighvatur hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. MBA frá University of Edinburgh. Sighvatur hóf störf hjá Sparisjóði vélstjóra árið 2000 sem forstöðumaður fjárstýringar. Sighvatur tók við stöðu framkvæmdastjóra fjárstýringar hjá sparisjóðnum í október 2004.

Sigurjón Arnarsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta. Starfsstöð: Borgartúni 18, 105 Reykjavík. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Sigurjón hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1997 og starfaði í fyrstu við ýmis störf tengd verðbréfum. Sigurjón tók við stöðu framkvæmdastjóra markaðsviðskipta í apríl 2005.

Sæmundur Benediktsson, framkvæmdastjóri S24. Starfsstöð: Sætúni 1, 105 Reykjavík. Menntun: Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1988. Sæmundur hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar árið 1999 sem forstöðumaður S24. Sæmundur hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra S24 frá árinu 2005.

Eyjólfur Lárusson, framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi hf. Starfsstöð: Laugavegur 176, 105 Reykjavík. Menntun: Bs í viðskiptafræði (með áherslu á fjármál) frá Háskólanum á

Akureyri. Eyjólfur hefur t.a.m. gegnt starfi framkvæmdastjóra hjá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf., framkvæmdastjóra hjá Hótel Geysi og markaðsstjóra hjá Kaupási. Eyjólfur hefur gegnt starfi framkvæmdastjóri Allianz á Íslandi hf. frá því í ágúst 2007.

6.6. Stofnfjáreigendur

Þann 11. september 2008 var heildarnafnverð útgefina bréfa í Byri sparissjóði 15.636.256.590 kr. og fjöldi stofnfjáreigenda 1.508 talsins. Tuttugu stærstu stofnfjáreigendurnir áttu samtals 54,5% af útgefnu stofnfé Byrs sparissjóðs eins og fram kemur í töflu 4.

Stofnfjáreign 11. september 2008			
	Nafn	Nafnverð stofnfjár	%
1	Imon ehf	1.206.647.701	7,7%
2	Saxhóll ehf	1.173.627.061	7,5%
3	Sund ehf	774.186.126	5,0%
4	Imis ehf	721.662.614	4,6%
5	Bygg invest ehf	638.706.890	4,1%
6	Landsbanki Lux (Kilimanjaro S.a.r.l)	556.957.854	3,6%
7	Fjárfestingafélagið Klettur ehf	527.786.435	3,4%
8	Fjárfestingafélagið Prímus ehf	484.718.735	3,1%
9	Myllan-brauð ehf	414.761.809	2,7%
10	Glitnir hf	313.097.919	2,0%
11	Sólstafir ehf	299.426.267	1,9%
12	Fons Eignarhaldsfélag ehf	211.114.487	1,4%
13	Glitnir Eignarhaldsfélag ehf	207.475.442	1,3%
14	Hagar ehf	207.475.442	1,3%
15	Skarðshyrna ehf	151.114.487	1,0%
16	Sameinaði Lífeyrissjóðurinn	141.372.454	0,9%
17	Miðbúðin ehf	140.521.406	0,9%
18	Saga Capital fjárfestingarbanki hf	120.187.613	0,8%
19	MP Fjárfestingarbanki hf	119.244.756	0,8%
20	Helgi Vilhjálmsson	105.557.287	0,7%
	Tuttugu stærstu samtals	8.515.642.786	54,5%
	Aðrir stofnfjáreigendur samtals	7.120.613.804	45,5%
	Heildarnafnverð stofnfjár	15.636.256.590	100,0%

Tafla 4: Stærstu Stofnfjáreigendur Byrs sparissjóðs 11. september 2008

Bein eða óbein eign eða yferráð einhvers annars aðila

Byr er ekki kunnugt um að sparissjóðurinn sé beint eða óbeint í eigu eða undir yferráðum einhvers aðila.

Breytingar á yferráðum

Byr er ekki kunnugt um nokkurs konar fyrirkomulag á milli stofnfjáreiganda eða annarra aðila sem getur haft í för með sér breytingar á yferráðum sparissjóðsins.

6.7. Fjárhagsupplýsingar

Ársreikningur Byrs fyrir árið 2006, ársreikningur fyrir árið 2007 og árshlutauppgjör fyrir fyrri helming ársins 2008 hafa verið felld inn í þessa grunnlýsingu með tilvísun, sbr. kafli 6.1. Þar má m.a finna efnahagsreikning, rekstrarreikning, reikningskilaaðferðir og skýringar.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Ársreikningur Byrs fyrir árið 2006, ársreikningur Byrs fyrir árið 2007 og hálfársuppgjör Byrs fyrir fyrri helmingi ársins 2008 voru gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Endurskoðaðar/kannaðar sögulegar fjárhagsupplýsingar

Ársreikningur Byrs fyrir árið 2006 var endurskoðaður og áritaður án fyrirvara af Price-WaterhouseCoopers hf. Ársreikningur fyrir árið 2007 var endurskoðaður og áritaður án fyrirvara af KPMG hf. Árshlutauppgjör Byrs fyrir fyrri helming ársins 2008 var kannað og áritað án fyrirvara af KPMG hf.

Síðustu fjárhagsupplýsingar

Síðustu reikningsskil voru birt þann 25. ágúst 2008.

Upplýsingar um framtíðarhorfur

Frá 30. júní 2008 hafa ekki orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum sparisjóðsins.

Dómsmál og gerðardómsmál

Við útgáfu þessarar grunnlýsingar á Byr sparisjóðurekki aðild að neinum stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmál sem kunna að hafa eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi Byr sparisjóðs eða samstæðu hans. Jafnframt hefur Byr sparisjóður ekki átt aðild að slíkum málum síðustu 12 mánuði og honum er ekki kunnugt um að slík mál séu yfirvofandi.

Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu Byr

Við dagsetningu grunnlýsingar þessarar hafa ekki átt sér stað mikilvægar breytingar á fjárhags- og viðskiptastöðu samstæðu Byrs frá 30. júní 2008.

7. Fylgiskjöl

7.1. Stofnefnahagsreikningur sjóðsins 30. júní 2008

Stofnefnahagsreikningurinn hefur verið endurskoðaður, eins og sjá má af reikningnum.

BS sjóður
Stofnefnahagsreikningur
30. júní 2008

BS sjóður
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.	3		
Áritun óháðs endurskoðanda	4		
Stofsefnahagsreikningur BS sjóðs 30. júní 2008	2		
			Efnahagsreikningur 5

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stofnefnahagsreikningur fagfjárfestastjóðsins BS sjóður er gerður í samræmi við reglur um reikningskil rekstrarfélaga verðbrefastjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. staðfesta hér með stofnefnahagsreikning sjóðsins 30. júní 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. júlí 2008

I stjórn félagsins:

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður

Björgvin Ólafsson

Sigurður Guðmundsson

Frankvæmdastjóri:

Omar Kaldal Agústsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskrifteina í BS sjóði.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi stofnefnahagsreikning BS sjóðs. Hann hefur að geyma skýrslu stjórnar og efnahagsreikning.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu stofnefnahagsreikningsins í samræmi við lög og reglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu stofnefnahagsreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra ammaka, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningskilaaðferðum og hæfilegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á stofnefnahagsreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að stofnefnahagsreikningurinn sé án verulegra ammaka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í stofnefnahagsreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir ammakar séu á stofnefnahagsreikningnum, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu stofnefnahagsreikningsins til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð stofnefnahagsreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að stofnefnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af efnahagi sjóðsins 30. júní 2008 í samræmi við lög og reglur.

Reykjavík, 31. júlí 2008

KPMG hf.

Reynir Stefán Gylfason

Efnahagsreikningur 30. júní 2008

30.06.2008

Eignir:

Verðbréf:

Íbúðalán	910
Verðbréf samtals	<u>910</u>

Aðrar eignir:

Handbært fé	1
Aðrar eignir samtals	<u>1</u>

Eignir samtals 911

Skuldir:

Útgefnir vixlar	566
Aðrar skammtimaskuldir	1
Skuldir samtals	<u>567</u>

Hrein eign samtals 344

Eigið fé:

Hlutdeildarskirteini 344

Hrein eign	344
Fjöldi eininga	<u>346</u>
Gengi sjóðsbréfa 30. júní 2008	<u>1,00</u>

7.2. Reglur BS sjóðs

Reglur fagfjárfestastjóðsins BS sjóður

- 1 Nafn, rekstrarfélag sjóðsins og markmið
- 2 Orðskýringar
- 3 Sjóðurinn starfar í einni deild og ábyrgð á fjármálagerningum sjóðsins
- 4 Fjárfestingarstefna og fjárfestingar sjóðsins
- 5 Vörslufyrirtæki sjóðsins
- 6 Umsýsluþóknun rekstrarfélags
- 7 Sala, útgáfa og almennt um hlutdeildarskírteini sjóðsins
- 8 Innlausn hlutdeildarskírteina
- 9 Mat á eignum sjóðsins
- 10 Fjármögnun og ráðstafanir
- 11 Útreikningur á uppreiknuðu gengi eininga
- 12 Samruni sjóðsins við aðra sjóði eða lögaðila
- 13 Sérstök yfirlýsing
- 14 Önnur atriði og breytingar á reglum sjóðsins

1 Nafn, rekstrarfélag sjóðsins og markmið

- 1.1 Nafn sjóðsins er BS sjóður, kt. 580308-9960, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hér eftir í reglum þessum nefndur sjóður.
- 1.2 Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hér eftir í reglum þessum nefnt rekstrarfélag.
- 1.3 Í samræmi við 13. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði (hér eftir í reglum þessum nefnd verðbréfasjóðalögin) skal fjárhag sjóðsins haldið aðgreindum frá fjárhag rekstrarfélagsins og er sjóðurinn einn ábyrgur fyrir skuldbindingum sínum.
- 1.4 Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, í þessum reglum nefnt rekstrarfélagið. Rekstrarfélagið er ábyrgt fyrir daglegum rekstri sjóðsins. Rekstrarfélaginu er heimilt að samþykkja fyrir hönd sjóðsins alla samninga og önnur skjöl sem sjóðurinn er aðili að, en við slíkar ráðstafanir verður rekstrarfélagið ekki sjálft skuldbundið gagnvart gagnaðila slíks samnings eða annarra skjala eða viðtakanda slíkra skjala eða vottorðs svo lengi sem (til að koma í veg fyrir vafa) það hefur ekki nein áhrif á skyldur eða ábyrgð sem beinlínis er kveðið á um að rekstrarfélagið sjái um.
- 1.5 Fjármálaeftirlinu var tilkynnt um stofnun sjóðsins 17. mars 2008 í samræmi við 4. gr. verðbréfasjóðalaganna.
- 1.6 Grunnmynt sjóðsins er íslenskar krónur.
- 1.7 Þeir starfsmenn rekstrarfélagsins sem þjónusta sjóðinn skulu vera starfsmenn rekstrarfélagsins, en ekki sjóðsins.
- 1.8 Markmið sjóðsins er að taka þátt í sameiginlegum fjárfestingum með því að fjárfesta fjármuni sjóðsins í fjármálagerningum og öðrum eignum og réttindum í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu, sem kveðið er á um í grein 4.
- 1.9 Sérhver ráðstöfun eða aðgerð, sem sjóðurinn tekur þátt í, aðrar en þær sem er sérstaklega lýst eða leyfðar í þessum reglum, er stranglega bönnuð og óheimil.

2 Orðskýringar

- 2.1 Í reglum þessum merkir:
 - 2.1.1 Sjóður er BS sjóður sem er sjóður rekinn af rekstrarfélagi verðbréfasjóða, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sem rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skv. II. og

III. kafla verðbréfasjóðalaganna, og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Sjóðurinn er fagfjárfestasjóður, sbr. 4. gr. verðbréfasjóðalaganna.

- 2.1.2 Stofndagur sjóðsins telst vera sá dagur sem Fjármálaeftirlitið staðfestir sjóðinn.
- 2.1.3 Hlutdeildarskírteini er fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóðnum til eignar sjóðsins í fjármálagerningum. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína. Engin efnisleg réttindi eru tengd eignarhaldi hlutdeildarskírteina sjóðsins að öðru leyti en er kveðið á um í reglum þessum og hlutdeildarskírteinum útgefnum af rekstrarfélaginu fyrir hönd sjóðsins til handhafa. Rekstrarfélagið gefur út hlutdeildarskírteini fyrir hönd sjóðsins, eins og kveðið er á um í grein 7.
- 2.1.4 Útreikningstímabil er frá 1. hvers mánaðar til lokadags viðkomandi mánaðar.
- 2.1.5 Útreikningsdagur er 1. hvers mánaðar.

3 Sjóðurinn starfar í einni deild og ábyrgð á fjármálagerningum sjóðsins

- 3.1 Sjóðurinn er rekinn í einni deild. Fjárfestingar sjóðsins fjármagnar hann með útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaviðurkenninga (s.s. skuldabréfum, víxlum, lánasamningum og öðrum skuldaviðurkenningum), sbr. 10. gr.
- 3.2 Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni.
- 3.3 Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki eða viðskiptabanki sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.
- 3.4 Kröfuhafar skuldabréfa, víxla, hlutdeildarskírteina eða hvaða annarra skuldbindinga sjóðsins geta eingöngu beint kröfum sínum gegn sjóðnum sjálfum og eignum sem tilheyra honum. Sjóðurinn er aðeins ábyrgur fyrir eigin skuldum en ekki skuldum rekstrarfélagsins.
- 3.5 Eignir og skuldbindingar sjóðsins skulu á hverjum tíma aðgreindar í reikningum rekstrarfélagsins frá eignum og skuldbindingum rekstrarfélagsins og annarra sjóða rekstrarfélagsins.

4 Fjárfestingarstefna og fjárfestingar sjóðsins

- 4.1 Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum tryggðum með veð í fasteignum sem uppfylla neðangreind skilyrði:
 - 4.1.1 Skuldabréfin skulu tryggð með 1. veðrétti í fasteign (íbúðarhúsnæði).
 - 4.1.2 Fasteignir sem standa til tryggingar skuldabréfunum skulu vera fullbúin íbúðarhúsnæði.
 - 4.1.3 Fasteignir sem standa til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skulu vera staðsettar í;
 - a) Reykjavík.
 - b) Kópavogi.
 - c) Garðabæ.
 - d) Hafnarfirði.
 - e) Seltjarnarnesi.
 - f) Álftanesi.
 - g) Mosfellsbæ.
 - 4.1.4 Veðhlutfall skal ekki vera hærra en 80% við útgáfu viðkomandi skuldabréfs. Með veðhlutfalli er átt við að nafnverð skuldabréfs deilt með markaðsverði fasteignar skuli vera 80% eða minna. Markaðsverð skal fundið út frá metnu verði fasteignarinnar samkvæmt mati löggilts fasteignasala og/eða samkvæmt kaupsamningi. Heimilt er að miða framangreint veðhlutfall við brunabótamat eða fasteignamat.
 - 4.1.5 Skuldabréf skulu ekki hafa farið í 60 daga vanskil frá útgáfudegi með einstaka gjalddaga.
- 4.2 Óheimilt að eiga viðskipti með skuldabréf í eigu sjóðsins nema að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:
 - 4.2.1 Heimilt er að selja skuldabréf í eigu sjóðsins ef sá aðili sem seldi sjóðnum viðkomandi skuldabréf, sbr. 4.1., óskar eftir að kaupa það til baka.
 - 4.2.2 Heimilt er að selja skuldabréf í eigu sjóðsins ef það er nauðsynlegt til þess að greiða gjaldfallnar greiðslur sem sjóðnum ber að greiða.

- 4.2.3 Heimilt er að selja skuldabréf í eigu sjóðsins til þess að mæta skuldbindingum sjóðsins ef skortur á lausu fé gerir slíkar ráðstafanir nauðsynlegar að mati rekstrarfélags sjóðsins. Sama á við ef rekstrarfélagið telur að fyrirsjáanlegur skortur verði á lausu fé miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar úr rekstri sjóðsins.
- 4.3 Heimilt er að ráðstafa lausum fjármunum og fé sem sjóðurinn fær greitt vegna skuldabréfa í eigu sjóðsins sem voru greidd upp áður en að gjalddaga þeirra kom, til fjárfestinga:
- 4.3.1 í skuldabréfum með veð í fasteignum og uppfylla skilyrði í lið 4.1.
- 4.3.2 í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs,
- 4.3.3 í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs,
- 4.3.4 í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta aðallega í skuldabréfum og víxlum og líftími sjóðsins er innan við tvö ár (peningamarkaðssjóðir) og
- 4.3.5 með innlánnum í viðskiptabönkum eða sparisjóðum.
- 4.4 Heimilt er að bregðast við beiðnum frá útgefenda skuldabréfa í eigu sjóðsins með skilmálabreytingum og skuldskeytingu.

5 Vörslufyrirtæki sjóðsins

- 5.1 Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion verðbréfavarsla hf., kt. 470502-4520, Ármúla 13a, 108 Reykjavík, hér eftir nefnt vörslufyrirtækið. Tilvísanir til vörslufyrirtækis í þessum reglum vísa jafnframt til þess fyrirtækis sem tekur við skyldum vörslufyrirtækis.
- 5.2 Vörslufyrirtækið skal þjónusta sjóðinn eins og tilgreint er í vörslusamningi.
- 5.3 Með fyrirvara um ákvæði vörslusamningsins, skal vörslufyrirtæki tryggja að fjármunir og fjármálagerningar í eigu sjóðsins séu skýrt aðgreindir frá öllum eignum sem tilheyra;
- 5.3.1 öðrum sjóðum sem rekstrarfélagið hefur stofnað,
- 5.3.2 rekstrarfélaginu og
- 5.3.3 eignum vörslufyrirtækisins.
- 5.4 Rekstrarfélagið skal greiða þóknun vörslufyrirtækisins.

6 Umsýsluþóknun rekstrarfélags

- 6.1 Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu þóknun sem er á ársgrundvelli 0,15% af meðalstöðu eigna sjóðsins samkvæmt 9. gr. án tillits til skulda.
- 6.2 Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélaginu þóknun (þóknun rekstrarfélags) mánaðarlega, þann 1. hvers mánaðar (viðkomandi útreikningsdag). Þóknun rekstrarfélags skal vera reiknuð út fyrir hönd sjóðsins í íslenskum krónum á viðkomandi útreikningsdegi og taka mið af eignum sjóðsins á undanfarandi útreikningstímabili.
- 6.3 Prósentutala þóknunar rekstrarfélags skal tiltekinn í viðaukum við þessar reglur með tilvísun í sjóðinn.
- 6.4 Ef breyta á upphaflegri prósentutölu þóknunar rekstrarfélags, skal rekstrarfélagið, fyrir hönd sjóðsins, tilkynna það hverjum handhafa hlutdeildarskírteins í sjóðnum með 30 daga fyrirvara.
- 6.5 Rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta hjá sjóðnum tilfallandi gjöld, s.s. lögfræðikostnað, sérstaka endurskoðun ef á þarf að halda, ferðakostnað o.s.frv. sem tengist sjóðnum.

7 Sala, útgáfa og almennt um hlutdeildarskírteini sjóðsins

- 7.1 Hlutdeildarskírteini sjóðsins er aðeins heimilt að selja fagfjárfestum, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.
- 7.2 Fjárfestar sem afhenda sjóðnum fé til ávöxtunar fá hlutdeildarskírteini sem skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum. Rekstrarfélagið gefur út hlutdeildarskírteini fyrir hönd sjóðsins til þeirra sem fá sjóðnum fé (hlutdeildarskírteinishafar). Hlutdeildarskírteinishafar eru eigendur sjóðsins. Réttindi hlutdeildarskírteinishafa takmarkast við þau réttindi sem kveðið er á um í reglum sjóðsins.

- 7.3 Allir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignar sjóðsins í fjármálagerningum.
- 7.4 Á stofndegri sjóðsins er heildarfjöldi eininga í sjóðnum 0 einingar. Sjóðurinn er opinn þannig að frekari útgáfa á hlutdeildarskírteinum ræðst af sölu rekstrarfélagsins á hlutdeildarskírteinum sjóðsins eftir atvikum hverju sinni.

8 Innlausn hlutdeildarskírteina

- 8.1 Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru ekki innlausnarskyld að kröfu hlutdeildarskírteinis-hafa. Rekstrarfélag sjóðsins getur innleyst útgefnar einingar að hluta til eða í heild. Sjóðnum skal slitið með innlausn hlutdeildarskírteina eigi síðar en 1. júní 2020. Um slit sjóðsins fer samkvæmt 13. gr.

9 Mat á eignum sjóðsins

- 9.1 Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.
- 9.2 Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar.
- 9.3 Virði annarra fjármálagerninga skal háð mati rekstarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni, sbr. þó grein 9.3.
- 9.4 Virði skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga sem einstaklingar hafa gefið út og eru í eigu sjóðsins skal meta miðað við uppreiknaða stöðu þeirra, nema ríkar ástæður mæli gegn slíku mati.

10 Fjármögnun og ráðstafanir

- 10.1 Sjóðurinn mun fjárfesta í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins, sbr. 3. gr. Sjóðurinn fjármagnar fjárfestingar sínar með lántöku í bönkum eða sparissjóðum, útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina. Sjóðnum er heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar allt að 99% með lántöku í bönkum og sparissjóðum og með útgáfu og sölu á skuldabréfum, víxlum eða öðrum skuldaviðurkenningum.
- 10.2 Greiðslum til sjóðsins skal ráðstafað í eftirfarandi röð;
- 10.2.1 til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins,
- 10.2.2 í samræmi við skilmála á skuldabréfum, víxlum eða lánasamningum sem sjóðurinn hefur gert og að lokum,
- 10.2.3 til hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við skilmála þeirra en þess skal þó gætt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað.
- 10.3 Sjóðnum er heimilt að gefa út víkjandi skuldabréf.
- 10.4 Óheimilt er að veðsetja eignir sjóðsins.
- 10.5 Ef til þess kemur að ekki er staðið við skuldbindingar gagnvart sjóðnum og grípa þarf til fullnustuaðgerða, sem sjóðurinn á rétt á, þá skal Rekstrarfélagið boða til fundar með kröfuhöfum sjóðsins þar sem tillögur Rekstrarfélagsins eru bornar fram. Rekstrarfélaginu er heimilt, en ekki skylt, að fara eftir þeim sjónarmiðum og eða samþykktum sem fram koma á slíkum fundi. Skylda Rekstrarfélagsins til þess að boða til fundar með kröfuhöfum takmarkar ekki rétt og skyldur Rekstrarfélagsins til þess að grípa til aðgerða, án tafar, til þess að tryggja hagsmuni sjóðsins ef svo ber undir.

11 Útreikningur á uppreiknuðu gengi eininga

- 11.1 Uppreiknað gengi hvorrar einingar í sjóðnum er samtala allra innlána í bönkum og sparissjóðum auk verðmæta annarra eigna sjóðsins, sbr. 9. gr., að frádregnum skuldum sjóðsins, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunar-kostnaði, innheimtukostnaði, uppreiknuðum ógreiddum skuldaviðurkenningum og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum deilt niður á heildarfjöldi útgefna eininga.
- 11.2 Gengi hvorrar einingar skal vera 1,0 við útgáfu fyrsta hlutdeildarskírteins sjóðsins.

12 Samruni sjóðsins við aðra sjóði eða lögaðila

- 12.1 Rekstrarfélag sjóðsins er með öllu óheimilt að sameina sjóðinn öðrum sjóðum eða lögaðilum.

13 Sérstök yfirlýsing

- 13.1 Allir aðilar sem gera samninga við sjóðinn samþykkja að kröfur þeirra gegn sjóðnum hafa takmörkuð kröfuréttindi sem felst í því að kröfur þeirra ná aðeins til þess reiðufjár og þeirra eigna sem eru til staðar hjá sjóðnum á hverju sinni.

14 Önnur atriði og breytingar á reglum sjóðsins

- 14.1 Rekstraraðili sjóðsins annaðist undirbúning og stofnun sjóðsins eftir bestu vitund og í fullu samræmi við staðreyndir og hefur aflað þeirra gagna sem nauðsynleg voru til að útgáfa fjármálagerninga. Reglur sjóðsins, uppbygging sjóðsins, kynningarefni eða önnur skjöl sem gefin er út vegna sjóðsins má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út. Fjárfesting í fjármálagerningum sem gefnir eru út vegna sjóðsins eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig.
- 14.2 Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt er að breyta reglum sjóðsins.

Reykjavík, 25. júní 2008
með breytingum gerðum 25. ágúst 2008

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf.

15 VIÐAUKI.

viðauki við reglur BS sjóðs.

Viðauki þessi er órjúfanlegur hluti reglna BS sjóðs og skal lesinn samhliða reglum.

Markmið fjárfestinga og stefna	<p>Markmið sjóðsins er að bjóða eigendum hlutdeildarskírteina upp á hagnað á hlutdeildarskírteini með því að taka þátt í skuldsettum fjárfestingum.</p> <p>Sjóðurinn má fjárfesta allt að 100% af heildareignum í skuldabréfum sem skulu tryggð með 1. veðrétti í fasteign (íbúðarhúsnæði).</p> <p>Sjóðurinn má fjárfesta innan þeirra marka sem viðmið um eiginfjárhlutfall í grein 10.1 segir til um, með skuldsetningu fyrir tilstilli útgáfu á víxlum og annarra skuldagerninga.</p> <p>Sjóður má hins vegar fjárfesta í ígildi innlána, þ.á m. peningamarkaðsskjölum, s.s. í peningamarkaðssjóðum sem eru ávallt innleysanlegir og með meðallíftíma innan við 12 mánuði eða fjárfesta í skammtíma innlánum.</p> <p>Þessi fjárfestingarstefna tók gildi við stofnun sjóðsins, sem var 17. mars 2008.</p>
Grunnmynt	<p>Íslenskar krónur (ISK)</p> <p>Virði hvernig einingar skal vera reiknað í íslenskum krónum.</p>
Form hlutdeildarskírteina	Óskráð hlutdeildarskírteini útgefin af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. í pappírformi.
Flokkar hlutdeildarskírteina í boði	Öll hlutdeildarskírteini verða gefin út í einum flokki.
Skipulag sjóðsins	Sjóðurinn er opinn og starfræktur í einni deild. Sjóðurinn er starfræktur í samræmi við 4. gr. verðbréfasjóðalaganna.
Umboð	<p>Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. skal samþykkja hvernig sjóðurinn gerir samninga með bindandi hætti með því að gefa út umboð.</p> <p>Framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins og sjóðsstjórinn, sem skal vera starfsmaður rekstrarfélagsins, hafa heimild til að gera samninga fyrir hönd sjóðsins með bindandi hætti í samræmi við umboð þeirra.</p>
Umsókn um áskrift, innlausn og skiptingu á einingum.	Hlutdeildarskírteini eru ekki innleysanleg að kröfu handhafa.
Áskriftarþóknun í þágu söluaðila	Engin
Innlausnarþóknun	Engin
Skipting	Engin
Þóknun rekstrarfélags	Þóknun rekstrarfélags skal samsvara 0,15% af heildareignum sjóðsins á ársgrundvelli.
Vörsluþóknun	Rekstrarfélagið skal greiða vörsluþóknun án kostnaðar fyrir sjóðinn.
Miðlæg umsýsluþóknun	Engin
Útreikningur hreinnar eignar	Á hverjum útreikningsdegi og miðast við undangengið út-

	reikningstímabil.
Reikningsár	1. janúar – 31. desember
Skráninga á markað	Nei
Lýsing á dæmigerðum fjárfesti og áhættusniðmát	<p>Sjóðurinn hentar reynslumeiri fjárfestum sem óska eftir að ná fyrirfram skilgreindum markmiðum fjárfestinga með þátttöku í skuldsettum fjárfestingum.</p> <p>Fjárfestirinn verður að búa yfir reynslu af vörum sem sveiflast í verði. Fjárfestirinn verður að geta þolað talsvert tímabundið tap, þar af leiðandi eru sjóðurinn hentugur fjárfestum sem hafa ráð á að fjárfesta í a.m.k. 20 ár. Að því gefnu að fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu sem er talsvert fyrir ofan meðallag, er fjárfestum ráðlagt að fjárfesta einungis hluta af þeim fjármunum, sem ætlaðir eru langtíma-fjárfestingum, í sjóðnum.</p> <p>Fjárfesting í hlutabréfum getur leitt til meiri hagnaðar en fjárfestingar í stuttum og löngum skuldabréfum. Fjárfestingar í hlutabréfum geta hins vegar falið í sér meiri áhættu þar sem gengi hlutabréfa ræðst af þáttum sem erfitt er að spá fyrir um. Slíkir þættir geta vera möguleikinn á skyndilegum og viðvarandi lækkun á mörkuðum og áhættur tengdar einstökum félögum. Grundvallar áhættuþáttur hvers hlutabréfasafns er áhættan á því að virði fjárfestinga í safninu gæti lækkað í verði. Virði hlutabréfa getur sveiflast í takt við ráðstafanir einstaks félags eða í takt við almennt og/eða efnahagslegt ástand. Í sögulegu samhengi hafa hlutabréf skilað meiri hagnaði til lengri tíma og hafa falið í sér meiri áhættu til skemmri tíma en aðrir fjárfestingarkostir.</p> <p>Fjárfestingar á nýmörkuðum eru háðar fleiri áhættuþáttum, s.s. (i) möguleikanum á þjóðnýtingu eigna, skattlagningu með eignaupptöku, pólitískum eða félagslegum óstöðugleika eða stjórnmalalegri þróun sem gæti haft áhrif á fjárfestingar í þeim löndum, (ii) minna magni af opinberum upplýsingum um tiltekna fjármálagerninga en einstakir fjárfestar hafa vanist, (iii) ekki eru gerðar samsvorandi kröfur og einstakir fjárfestar eru vanir til lögaðila í sumum löndum hvað varðar reikningsskil, endurskoðun og upplýsingagjöf um fjármál, (iv) einstakir fjármálamarkaðir hafa, þrátt fyrir að þeir séu almennt að stækka í magni viðskipta, hafa yfirleitt mun minna viðskiptamagn en meira þróaðir markaðir, (v) fjármálagerningar margra félaga eru minna seljanleg og verð þeirra sveiflast meira en fjármálagerningar sambærilegra félaga á stærri mörkuðum og (vi) eftirlit stjórnvalda og regluverk kauphalla, fjármálafyrirtækja og útgefenda er mismikið eftir löndum.</p>
Árlegur hagnaður	Árangur í fortíð gefur ekki fyrirheit um árangur í framtíð.
Tímabil	Þessi sjóður hefur verið stofnaður til tiltekins tíma, þ.e. 20. júní 2044.
Sjóðsstjóri	Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. (Kaupthing Bank Asset Management Company hf.) annast rekstur sjóðsins og tilnefndir í þeim efnum sérstakan sjóðsstjóra, einn eða

	<p>fleiri, í samræmi við verðbréfasjóðalögin. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. var stofnað í samræmi við íslensk lög. Lögheimili þess er að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland. Rekstrarfélagið er dótturfélag Kaupþings banka hf., Reykjavík. Þann 30. júní 2004 var eigið fé þess 43.500.000 kr. Starfsemi Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. felst aðallega í því að sjá um daglegan rekstur sjóða eða annarra lögaðila um sameiginlega fjárfestingu.</p>
--	---